FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
132. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 7. JÚNÍ 2017




„Hvar borga ég þegar ég búinn að þrífa bílinn?“ spurði belgískur ferðamaður sem varð á vegi ljósmyndara Fréttablaðsins á Mývatni í gær. Hann hefur verið á Íslandi í fjóra daga og finnst landið dásamlegt. Best þykir honum að upplifa sýnishorn af öllum veðrum á einum degi. Það kom honum á óvart er honum var tjáð að slydda væri ekki venjan í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT

# Leigurisarnir tveir eiga íbúðir fyrir 79 milljarða

**Fasteignir Almenna leigufélagsins, annars stærsta leigufélags landsins, eru nú metnar á um 38 milljarða króna. Heimavellir er stærsta leigufélagið á landinu, en eignasafn félagsins gæti farið upp í 50 milljarða áður en árinu er lokið.**

**VIÐSKIPTI** Almenna leigufélagið, sem á um 1.300 íbúðir, metur fasteignasafn sitt á um 38 milljarða. Íbúðir Heimavalla eru metnar á um 41 milljarð en frekari kaup á fasteignum á þessu ári, til viðbótar við þær 2.020 sem þetta stærsta leigufélag landsins á, gætu aukið virði eignasafnsins í 50 milljarða.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi Almenna leigufélagsins, sem er í eigu sjóðs í stýringu hjá Gamma, voru íbúðir þess metnar á 29,8 milljarða í árslok 2016. Í lok mars samþykkti Samkeppniseftirlitið svo kaup félagsins á BK eignum ehf. og runnu þá 360 fasteignir í eignasafnið til viðbótar.

„Við höfum engin plön um að stækka félagið enda er það í þægilegri stærð varðandi endurfjármögnun og skráningu á markað,“ segir María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Almenna leigufélagsins.

Heimavellir leigja út, eða hafa í byggingu, um 2.020 íbúðir. Horft er til að íbúðum þess á höfuðborgarsvæðinu fjölgi um 400 á næstu tveimur árum. Félagið var rekið með 2.061 milljónar króna hagnaði í fyrra og átti fasteignir upp á 40,7 milljarða. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er stefnt að frekari stækkun eignasafnsins þannig að það muni við lok árs nema nær 50 milljörðum.

Stækkun Heimavalla hefur líkt og hjá Almenna leigufélaginu byggt að miklu leyti á sameiningu við önnur leigufélög og kaupum á eignum af Íbúðalánasjóði.

Áður en Almenna leigufélagið keypti BK eignir hafði það sameinast Leigufélaginu Kletti sem Íbúðalánasjóður seldi í fyrra og eignaðist þá þær 450 íbúðir sem í Kletti voru. Bæði leigufélögin eiga fasteignir á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Heimavellir keyptu í fyrra leigufélagið Ásabyggð á Ásbrú í Reykjanesbæ og bættu þá við sig 716 íbúðum í Keflavík. – hg

## Vanhæfi uppi í dómaramáli

**DÓMSMÁL** Erfitt verður að finna hæfa dómara til að takast á við fyrirhugað dómsmál vegna tillögu Sigríðar Andersen dómsmálaráðherra um skipan dómara í Landsrétt. Tengsl umsækjendanna 37 við helstu dómstóla landsins og lagadeildir háskólanna gera þetta að verkum. Svo gæti farið að lögmenn með enga dómarareynslu veljist til verksins. – snæ / sjá síðu 4

## Þynnkumatur grænkeranna

**LÍFIÐ** Krummi Björgvins, betur þekktur sem Krummi í Mínus, stofnar Veganæs, ásamt fríðu föruneyti og ber þar fram vegan þægindа- og þynnkumat. Hafin er hópsöfnun á Karolina Fund. – sþh / sjá síðu 22



## Beint flug til Asíu á næsta ári

**VIÐSKIPTI** Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, hefur beint flug til Asíu á næsta ári. „Þá sjáum við, eins og þegar við hófum beint flug til Kaliforníu, gríðarlega aukningu þaðan í ferðamannastraumi til Íslands.“ Hann segir nauðsynlegt að byggja upp alþjóðlegan tengiflugvöll til að tryggja stöðugleika ferðamannastraumsins, annars gæti orðið skyndilegt hrun ef einn markaður bregst. - hae / sjá Markaðinn

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þröstur Ólafsson skrifar um ráðherra á refilstigum. 10
**SPORT** Birkir Bjarnason er klár í slaginn gegn Króötum. 12
**LÍFIÐ** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, er þekkt fyrir skósafn sitt. 20
PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Nafnið breytist en áfangastaðirnir hafa enn sama aðdráttarafl.
Ævinlega velkomin um borð. **airicelandconnect.is**
Air Iceland Connect

## Veður




Norðan- og norðvestanátt, víða 5-13 m/s. Rigning með köflum norðan til og slydda til fjalla. Lengst af þurrt og bjart syðra. SJÁ SÍÐU 16

# Fetta sig og bretta



Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu kom saman til æfinga á Laugardalsvelli í gær. Fram undan er leikur gegn toppliði Króata sem hreinlega verður að vinnast ætli liðið sér að eiga möguleika á að komast beint á heimsmeistaramótið í Rússlandi á næsta ári. Tapist leikurinn verður ansi strembið að ná í skottið á Króötum en þeir hafa reynst okkur erfiðir síðustu ár. Undirbúningur stendur yfir út vikuna en leikurinn er á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þórarinn, framkvæmdastjóri IKEA.

## Vonbrigði að þurfa að láta af vöktuninni

**PERSÓNUVERND** Rafræn vöktun IKEA utan lóðarmarka fyrirtækisins er óheimil. Sömu sögu er að segja af sérstakri vöktun og skráningu upplýsinga um einstaklinga sem fyrirtækið telur óæskilega í versluninni. Þetta felst í ákvörðun Persónuverndar. Ákvörðuninni er ekki hægt að áfrýja til dómstóla.

„Að mínu mati er þetta ofboðslega þröng túlkun á þessum lögum og reglum sem sníður okkur afar þröngan stakk. Mér finnst líka skjóta skökku við að fyrirtæki á borð við Facebook og YouTube geti látið upplýsingar um okkur ganga kaupum og sölum en við megum ekki passa upp á okkar eigin eigur,“ segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi.

Þórarinn segir að vöktunin hafi gefið góða raun. Myndavélin sem vaktar bílastæðin hafi komið að notum þegar keyrt hefur verið á bíla, ef einhver slasast á bílastæðinu eða ef einhver heldur því fram að innkaupakerra hafi skemmt bíl sinn. Sömu sögu sé að segja af bílnúmeravöktuninni. Nú viti starfsmenn um leið ef einhver sem hefur valdið tjóni eða stolið mæti í verslunina.

„Ég á eftir að fara yfir þetta með lögfræðingi en niðurstaðan er mikil vonbrigði,“ segir Þórarinn. „Ein af forsendum stofnunarinnar er sú að svið myndavélarinnar nái út fyrir lóðarmörk IKEA. Við eigum eftir að kanna hvort þetta sé heimilt ef önnur fyrirtæki á svæðinu samþykkja vöktunina.“ – jóe

## Meiri áhersla á öryggi á stórum viðburðum

**LÖGREGLUMÁL** Aðstoðaryfirlögregluþjónn segir lögregluyfirvöld ekki búa yfir upplýsingum um að hryðjuverk sé í undirbúningi hér á landi. Gera má ráð fyrir frekari lokunum fyrir umferð í miðborginni til að tryggja öryggi almennings á stórum viðburðum. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Í áhættumati greiningardeildar Ríkislögreglustjóra vegna hryðjuverkahættu, sem gefið var út í janúar, er áhættan í meðallagi. Hryðjuverkaógn hefur færst nær Íslandi vegna atburða sem orðið hafa í Svíþjóð, Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi undanfarið. „Við teljum eðlilegt að við færum okkur í meðallag sem þýðir að það sé ekki hægt að útiloka hættuna á hryðjuverki,“ segir Gylfi Hammer Gylfason aðstoðaryfirlögregluþjónn. – ósk

# Líklega elstu merki um landnám á Íslandi

**Fornleifarannsóknir á Stöð í Stöðvarfirði halda áfram í sumar. Þær hafa leitt í ljós að skálar voru reistir þar á níundu öld. Talið er að skálarnir hafi verið útstöð frá Skandinavíu. Uppgröfturinn er sagður einn sá áhugaverðasti í heiminum.**

**FORNLEIFAR** Fornleifarannsóknir á bænum Stöð í Stöðvarfirði hafa leitt í ljós að tveir skálar voru reistir þar á níundu og tíundu öld. Eldri skálinn er sennilega frá fyrri helmingi níundu aldar, frá því áratugum áður en Ingólfur Arnarson er sagður hafa numið Ísland, en líklegt þykir að hinn skálinn hafi verið byggður einhvern tímann á níundu eða tíundu öld.

Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, sem stýrir rannsóknunum, segir í samtali við Fréttablaðið að tilgáta rannsakenda sé sú að húsarústirnar á svæðinu hafi verið útstöð frá Skandinavíu eða öðrum norrænum byggðum á fyrri hluta níundu aldar. Þar hafi fólk dvalið áður en hefðbundið landnám hófst.

„Það er ekkert sem hefur breyst í þeim efnum enn þá. Við gerum allt til þess að reyna að afsanna tilgátu okkar en það hefur ekki tekist enn sem komið er,“ segir hann.

Þess má geta að mannvistarleifar frá svipuðum tíma hafa áður fundist í Kvosinni í Reykjavík, í Höfnum á Reykjanesi og Húshólma við Krýsuvík.

Fornleifarnar voru rannsakaðar í ágúst og september í fyrra og var markmiðið fyrst og fremst að staðfesta að skálar hefðu verið reistir á staðnum. Bjarni segir hins vegar að langtímamarkmiðið sé að komast að því hvort um hafi verið að ræða hefðbundið landnámsbýli eða útstöð skömmu fyrir landnámið. Í sumar verður svæðið, og þá sérstaklega skálarnir tveir, kannað nánar.

„Við hófumst aftur handa 1. júní.



Fornar rústir fundust fyrir tilviljun við gamla bæjarstæðið á Stöð árið 2003. Fornleifafræðingar rannsaka nú rústirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

> Það er ekkert sem hefur breyst í þeim efnum enn þá. Við gerum allt til þess að reyna að afsanna tilgátu okkar en það hefur ekki tekist enn sem komið er.
>
> Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur



Við lentum strax í úrhelli og fimbulkulda, en nú er þetta farið að skána og allt komið á fullt,“ segir hann en hópur fornleifafræðinga undir stjórn Bjarna verður að störfum út mánuðinn.

Fornleifarannsóknir Bjarna hlutu fyrr á árinu viðurkenningu sem ein tuttugu áhugaverðustu fornleifarannsókna á heimsvísu í fyrra. Í umsögn sérfræðinga Archaeofeed, sem stóð að útnefningunni, kom fram að rannsóknir Bjarna hefðu líklega leitt í ljós elstu merki um landnám á Íslandi.

kristinningi@frettabladid.is




RENAULT
Passion for life

# NÝR TALISMAN

## **BÍLL ÁRSINS 2017** AÐ MATI BANDALAGS ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA (BÍBB)




* Að mati bandalags íslenskra bílablaðamanna (BÍBB)

## NÝR RENAULT TALISMAN

### DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM**

Renault Talisman er nýja flaggskipið í Renault fjölskyldunni. Hann var valinn fallegasti bíll ársins af samtökum bílaframleiðenda og er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fáanlegur er með Multi Sense akstursstillingakerfi og fjórhjólastýringu.

## VERÐ FRÁ: 3.590.000 KR.

**Staðalbúnaður í Zen útgáfu:** 5 stjörnur í EuroNCAP árekstarprófunum - 17" álfelgur - 7" snertiskjár og íslenskt leiðsögukerfi - Brekkuaðstoð (Hill Start assist) - LED dagljós - Þokuljós á framstuðara - Afturljós 3D LED - Dekkjaþrýstingskerfi - Hraðastillir (Cruise control) - Rafdrifnar rúður - Leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum - Handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu - 2ja svæða tölvustýrð loftkæling - Hiti í framsætum - Hæðarstillanlegt sæti fyrir ökumann - Armpúði milli framsæta - Rafdrifnir upphitaðir útispeglar - Fjarlægðarvari að framan og aftan - Regnskynjari fyrir rúðuþurrkur - Sjálfvirk birtuskynjun á aðalljósum (High beam assist) - Akreinavari (Lane departure warning) - Vegaskiltanemi (Roadsign recognition) - Rafdrifin handbremsa.

**Aukalega í Intens útfærslu:** 8,7" spjaldtölvuskjár - 18" álfelgur - Lykillaust aðgengi LED aðalljós - Skyggðar afturrúður - MULTI SENSE akstursstillingakerfi.
**130 hestöfl, dísil, sjáfskiptur, verð: 4.790.000 kr.**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

ENNEMM / SÍA / NM82475

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Sameigendur á Landslögum gættu andstæðra hagsmuna

**DÓMSMÁL** Sameigendur á lögmannsstofunni Landslögum gættu andstæðra hagsmuna í Hæstaréttarmáli um fasteignamat Hörpu í febrúar í fyrra. Stjórn Lögmannafélags Íslands lagði málið fyrir úrskurðarnefnd lögmanna sem komst nýverið að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn lögum eða siðareglum lögmanna.

Málið á upphaf að rekja til þess að hæstaréttarlögmaðurinn Jóhannes Karl Sveinsson tók að sér að reka mál fyrir Hörpu í Hæstarétti, en í málinu krafðist Harpa þess að úrskurður yfirfasteignamatsnefndar um opinbert fasteignamat Hörpu yrði ógiltur. Til varnar voru Þjóðskrá Íslands og Reykjavíkurborg, en verjandi borgarinnar var Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, sameigandi Jóhannesar á Landslögum. Lex lögmannsstofa rak málið fyrir Hörpu í héraði, þar sem félagið tapaði, en þegar rúm vika var eftir af gagnaöflunarfresti Hæstaréttar sagði lögmaðurinn á Lex sig frá málinu og Jóhannes tók við því að beiðni forstjóra Hörpu. Svo fór að Harpa vann málið í Hæstarétti.

> Deilendur málsins voru fyllilega upplýstir um að lögmenn á sömu lögmannsstofu gættu hagsmuna hvors þeirra fyrir sig.

Í kjölfarið krafðist stjórn Lögmannafélags Íslands að úrskurðarnefndin legði mat á hvort Jóhannes hefði brotið gegn 11. gr. siðareglna lögmanna. Samkvæmt henni skal lögmaður varast að taka að sér nýjan skjólstæðing ef hagsmunir hans fá ekki samrýmst hagsmunum skjólstæðings lögmanns á sömu stofu.

Úrskurðarnefndin benti á að fyrir lægi að deilendur málsins, Harpa og Reykjavíkurborg, hefðu verið fyllilega upplýstir um að lögmenn á sömu lögmannsstofu gættu hagsmuna hvors þeirra fyrir sig. Þeir hefðu ekki lagst gegn tilhöguninni. Virðist ekkert fram komið um að með nokkrum hætti hafi verið brotið gegn hagsmunum kæranda, stjórnar Lögmannafélagsins, eða lögmanna yfirleitt með að Jóhannes tæki að sér málið.

Jóhannes segir í samtali við blaðið að hann sé sammála túlkun nefndarinnar. Hann hefði ekki tekið málið að sér nema af því að allir hlutaðeigandi samþykktu það sérstaklega og Harpa var í þröngri stöðu. **– kij**

## Farþegum Icelandair fjölgaði lítillega

**FERÐAÞJÓNUSTA** Farþegar Icelandair í síðasta mánuði voru tæplega 332 þúsund og er það aukning um fjögur prósent samanborið við sama mánuð í fyrra.

Tölur um fjölgun ferðamanna milli ára í maímánuði liggja ekki fyrir en sé litið til aprílmánaðar má sjá að farþegum um Keflavíkurflugvöll fjölgaði um 62 prósent á milli mánaða.

Í tilkynningu frá Icelandair til Kauphallarinnar segir að sætanýting í nýliðnum mánuði hafi verið rúmlega 81 prósent. Þá hafi farþegar Air Iceland Connect verið 29 þúsund í síðasta mánuði sem er tólf prósenta aukning á milli ára. **– jóe**

## Götusýn Já.is andstæð lögum

**PERSÓNUVERND** Birting mynda af heimilum einstaklinga á Já.is, þegar leitað er eftir upplýsingum um þá á síðunni, samræmist ekki persónuverndarlögum. Þetta er niðurstaða Persónuverndar.

Stofnunin hafði áður verið í sambandi við Já.is vegna þess að unnt var að greina myndir af einstaklingum og bílnúmerum í fyrstu útgáfum götusýnar fyrirtækisins. Málið varðaði það að þegar einstaklingi er flett upp birtist mynd af heimili hans..

Já.is taldi að sér væri þetta heimilt þar sem bæði Persónuvernd og almenningi hefði verið kunnugt um þessa virkni heimasíðunnar. Persónuvernd komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að vinnsla persónupplýsinganna hefði verið óheimil þar sem Já.is hefði ekki upplýst hina skráðu, það er þá sem eru skráðir með heimilisfang í símaskránni, um vinnsluna.

Fyrirtækið hefur til 19. júní næstkomandi til að gera úrbætur. **- jóe**

# Allsherjar vanhæfi gæti vel orðið raunin í dómaramálinu

**Víðtæk tengsl fólks innan lögfræðistéttar gætu reynst til trafala við val á dómurum til að skera úr um dómsmál vegna skipunar dómara í Landsrétt. Prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík segir vanhæfi stjórnmálamanna einnig vera í augsýn. Dómaramálið gæti því reynst prófsteinn fyrir íslenska réttarkerfið.**

**DÓMSMÁL** „Ég held að það myndi enginn dómari vilja sitja í þessu máli fyrir héraðsdómi,“ segir Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við lagadeild HR, um fyrirhugað dómsmál vegna skipunar dómara í Landsrétt. Það bendir allt til þess að það muni reynast þrautin þyngri að finna dómara sem ekki eru vanhæfir í málinu.

Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að að minnsta kosti einn þeirra umsækjenda sem metnir voru hæfastir til dómarastarfsins, en fengu ekki skipun eftir tillögu ráðherra, hygðist fara í mál vegna þess. Aðrir liggja enn undir feldi og kanna réttarstöðu sína.

Í gær greindi Fréttablaðið svo frá því að meðferð Alþingis við samþykkt tillögu dómsmálaráðherra hefði farið á svig við lög. Á það þyrfti að reyna fyrir dómi vegna hugsanlegrar bótaskyldu íslenska ríkisins.

Umsækjendur um starfið voru 37 talsins. Þeir hafa nær allir víðtæk tengsl inn í lagastéttina, hafa verið héraðsdómarar eða starfað innan háskólanna. Þeir umsækjendur sem eru starfandi héraðsdómarar koma úr flestum héraðsdómstólum landsins. Þau tengsl geta skapað vanhæfi. „Þetta eru allt samstarfsmenn meira og minna eða sitjandi í hæfnisnefnd. Svo er augljóst að ef þetta færi fyrir Landsrétt þá væri allur Landsréttur vanhæfur. En héraðsdómurinn er líka meira og minna vanhæfur held ég,“ segir Sigurður Tómas.

Dómstólaráði er þá falið að finna nýja héraðsdómara en ef það tekst ekki verður ráðherra falið að skipa dómara í málið. Líklega yrði þá fyrir valinn lögmaður sem ekki hefur neina dómarareynslu og stendur aðeins utan við þennan nátengda hóp, kæmi jafnvel úr stjórnsýslunni.



**Héraðsdómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur eru að minnsta kosti í mjög þröngri stöðu. Annað gæti gilt um héraðsdómara í öðrum umdæmum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dómsmálaráðherra er aftur á móti vanhæfur í málinu og svo gæti farið að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar þyki vanhæfir vegna þess að allir tóku þeir þátt í afgreiðslu Alþingis á málinu, sem líklega var ólögmæt. „Yfirleitt hefur það verið þannig að þegar ráðherra er vanhæfur þá er annar ráðherra kallaður inn. Það hefði verið heppilegt að hafa utanþingsráðherra núna. En að skipa ráðherra bara til að framkvæma þetta væri alveg nýtt. Það er spurning hvort það þyrfti að skipa ráðherra ad hoc, og forseti myndi þá gera það, til að fara með málið. Það reynir á margt þegar svona óvenjulegir hlutir gerast. Þá reynir á þolrifin í þessu kerfi.“

> Það hefði verið heppilegt að hafa utanþingsráðherra núna.
>
> Sigurður Tómas Magnússon, prófessor



snaeros@frettabladid.is






# FULLBÚIÐ

## Á ÓMÓTSTÆÐILEGU SUMARVERÐI

**LG 43UH668V**
43" Ultra háskerpu snjallsjónvarp, 1200Hz PMI. 4K uppskölun, harman/kardon hátalarakerfi, 2xUSB og 3 HDMI tengi. App fyrir Apple eða Android. Magic remote fylgir.

**89.990. kr**

**LG 49UH668V**
49" Ultra háskerpu snjallsjónvarp, 1200Hz PMI. 4K uppskölun, harman/kardon hátalarakerfi, 2xUSB og 3 HDMI tengi. App fyrir Apple eða Android. Magic remote fylgir.

**99.990. kr**

**LG 55UH668V**
55" Ultra háskerpu snjallsjónvarp, 1700Hz PMI. 4K uppskölun, harman/kardon hátalarakerfi, 2x USB og 3 HDMI tengi. App fyrir Apple eða Android. Magic remote fylgir.

**119.990. kr**

**LG 65UH668V**
65" Ultra háskerpu snjallsjónvarp, 1700Hz PMI. 4K uppskölun, harman/kardon hátalarakerfi, 2x USB og 3 HDMI tengi. App fyrir Apple eða Android. Magic remote fylgir.

**179.990. kr**

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18

**RAFLAND**
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# Ráðherra segir niðurstöðu dómnefndarinnar vera þægilegan lista

**STJÓRNSÝSLA** „Það er ekki rökrétt að segja að þarna sé á ferðinni ómálefnalegur rökstuðningur,“ sagði Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, á opnum fundi þingflokks Viðreisnar í gær.

Vísar hann þar til rökstuðnings dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen, fyrir því að víkja frá mati matsnefndar um hæfni dómenda við Landsrétt. Niðurstaðan hefur verið umdeild síðustu daga og spjótin meðal annars beinst að Viðreisn.

„Það er hægt að spyrja út í þennan rökstuðning nefndarinnar sjálfrar. Þarna er á ferðinni mjög þægilegur listi til að rökstyðja þá niðurstöðu sem þig langar að komast að,“ sagði Þorsteinn. Vísar hann þar til Excel-skjals nefndarinnar sem lak út. Hann furðaði sig á því hve lítið vægi dómarareynsla fékk og þeirri staðreynd að allir umsækjendur fengu tíu í einkunn í liðunum samning dóma, stjórnun þinghalda og almenn starfshæfni. „Hjá nefndinni voru fimm úr hópi lögmanna, fimm fræðimenn og fimm dómarar. Er það tilviljun? Er það furðulega þægileg niðurstaða.“

Úr máli Jóns Steindórs Valdimarssonar, þingmanns flokksins, mátti lesa að hann teldi rétt að áður en slíkt mat fer fram næst liggi skýrar fyrir hvaða þætti nefndin leggur til grundvallar. Þá var þingmönnum flokksins tíðrætt um að niðurstaða nefndarinnar, sem innihélt fimm konur en tíu karla, hefði ekki farið



Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Jón Steindór Valdimarsson vill að skýrar liggi fyrir til hvaða þátta nefndin lítur við mat sitt á hæfi dómara.

í gegn út af jafnréttissjónarmiðum.

„Það vorum við sem rákum ráðherra til baka. Við hefðum ekki hleypt fyrri listanum í gegn,“ sagði Hanna Katrín Friðriksson, formaður þingflokksins, á fundinum. – jóe




Michel Barnier, aðalsamningamaður ESB í Brexit-viðræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Norðmenn fá sérmeðferð

**NOREGUR** Evrópusambandið, ESB, hefur ákveðið að Noregur fái sérmeðferð í samningaviðræðunum við Breta um útgöngu þeirra úr sambandinu, það er að segja Brexit.

Þegar aðalsamningamaður ESB, Michel Barnier, var í Noregi nú í vetur sló hann því föstu að EES-löndin fengju að fylgjast náið með viðræðunum. Ráðherra Evrópumála í norsku ríkisstjórninni, Frank Bakke-Jensen, sagði í viðtali við Aftenposten að Norðmenn hefðu fengið meira en Barnier lofaði. Þeir fengju einnig að koma með athugasemdir þótt þeir tækju ekki beinan þátt í samningaviðræðunum. – ibs

## Helmingur veit ekki af kosningum

**DANMÖRK** Tæpur helmingur Dana, eða 44 prósent, veit ekki að það verða sveitarstjórnarkosningar í Danmörku í nóvember. Þetta er niðurstaða könnunar sem gerð var fyrir fréttabréf danska sveitarstjórnasambandsins.

Ungt fólk veit minnst um kosningarnar. Af þeim sem eru 17 til 24 ára vita 63 prósent ekki um hvað kosningarnar snúast.

Árið 2013 leiddi könnun í ljós að 34 prósent vissu ekki af komandi sveitarstjórnarkosningum. Þá tókst að vekja áhuga kjósenda og kosningaþátttakan jókst í öllum sveitarfélögum. – ibs

# Barist um útgönguatkvæðin

**Bretar ganga að kjörborðinu á morgun. Óljóst er hvort Íhaldsflokkurinn muni ná hreinum meirihluta eður ei. Leiðtogar stærstu flokkanna tveggja virðast báðir einblína á þau kjördæmi sem vildu segja skilið við ESB.**

**BRETLAND** Bretar munu kjósa nýja þingmenn í fulltrúadeild þingsins á morgun. Kannanir ytra gefa misvísandi mynd af því hver niðurstaðan verður. Næsta víst þykir að Íhaldsflokkurinn hljóti flesta þingmenn en óvíst er hvort flokkurinn nái hreinum meirihluta.

Könnunarfyrirtækið YouGov hefur daglega birt könnun á fylgi flokkanna en þær sýna þessa dagana fram á að Íhaldsflokkurinn muni tapa um tuttugu þingmönnum. Þar með missi flokkurinn meirihlutann. Meðaltalssamantektir ýmissa fjölmiðla, þar sem niðurstöður ýmissa kannana eru teknar saman í eina, benda hins vegar til þess að Íhaldsflokkurinn hafi um tíu prósenta forskot á sinn helsta keppinaut. Óvíst er hvort það skili sér í öflun þingmanna sökum einmenningskjördæmanna.

Hryðjuverkaárásirnar tvær í Manchester og London hafa riðlað kosningabaráttunni umtalsvert. Var meðal annars gert hlé á henni í nokkra daga meðan þjóðin sleikti sárin eftir árásina í Manchester. Fylgi Verkamannaflokksins tók kipp eftir hléið en það virðist ekki hafa breytt kosningataktík Íhaldsflokksins.

Athyglisvert er að bera saman hvaða kjördæmi forystumenn stærstu flokkanna tveggja, Theresa May og Jeremy Corbyn, hafa ákveðið að heimsækja síðustu vikur. Sú fyrrnefnda hefur aðallega beint sjónum sínum að borgum og bæjum þar sem Verkamannaflokkurinn hefur átt örugga kosningu hingað til. Meðal annars má þar nefna Suður-Bradford en þingmaður kjördæmisins hefur komið úr Verkamannaflokknum frá árinu 1918. Flest eiga kjördæmin hins vegar sameiginlegt að kjósendur




Theresa May ásamt Philip, eiginmanni sínum, á kosningafundi í London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

þar kusu með útgöngu úr Evrópusambandinu.

Þá má merkja af heimsóknum Corbyns að hann er örlítið að elta May og fer á svipaðar slóðir. Óttast er að kjördæmin, sem vildu úr sambandinu, séu líkleg til að snúast á sveif með Íhaldsflokknum.

Báðir leiðtogarnir láta Skotland nánast ósnert enda talið næsta víst að Skoski þjóðarflokkurinn muni hirða öll þingsætin sem eru þar í boði. Þá bendir flest til þess að UKIP þurrkist út en hvert fylgi flokksins fer mun hafa mikil áhrif á niðurstöðuna. Snúist kjósendur flokksins á sveif með Íhaldsflokknum gæti það þýtt stórsigur Theresu May.

Líkt og alkunna er var þingkosningunum nú flýtt af forsætisráðherranum May með það að markmiði að auka umboð stjórnar hennar í útgönguviðræðum Breta við Evrópusambandið. Íhaldsflokkurinn hefur haldið því fram að Verkamannaflokkurinn muni ekki geta stýrt þeim viðræðum en Corbyn hefur hafnað því.

„Við erum með mjög gott teymi sem er mjög vel að sér í málum Bretlands og ESB,“ segir Corbyn. Kjósendum ætti ekki að standa ógn af því að kjósa flokk hans.

johannoli@frettabladid.is

### Fréttastofa 365 verður í Lundúnum

„Bretland stendur á tímamótum vegna Brexit. Næsti forsætisráðherra leiðir Breta út úr ESB og miklir hagsmunir eru undir. Kosningarnar eru mun meira spennandi en leit út fyrir í fyrstu því Verkamannaflokkurinn hefur jafnt og þétt saxað á forskot Íhaldsflokksins,“ segir Þorbjörn Þórðarson sem stendur vaktina fyrir fréttastofu 365, í Lundúnum.







Allt fyrir gönguferðina
Vango Banshee 200
5000mm vatnsheldni
Verð 29.995,-
Hilleberg Nallo 2GT
3000mm vatnsheldni
Verð 145.995,-
Vango Pulsar 200
5000mm vatnsheldni
Verð 37.995,-
Vango Tempest 200
5000mm vatnsheldni
Verð 30.995,-
Mammut Kompakt MTI 3-season
Verð 23.995,-
Mammut Creon Pro 30L
Verð 23.995,-
Mammut Softskin 3,8
Verð 13.995,-
Mammut Aconcagua Pro ML
Verð 19.995,-
Mammut T-Trail
Verð 4.795,-
Húfur og vettlingar
í miklu úrvali
Vango Pottasett 2 manna
Verð 4.995,-
Mammut Trovat High GTX
Verð 34.995,-
Vango Pico XL
Verð 7.995,-
Mammut Base Jump SO
Verð 22.995,-
Vango Hitabrúsi 500ml
Verð 2.495,-
Primus Lite
Verð 17.995,-
MAMMUT
PRIMUS
OUTDOOR RESEARCH
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
TERNUA
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# Hrákasmíð



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Æ tíð vill valdið sinn vilja hafa,“ stendur víst einhvers staðar og má til sanns vegar færa þegar íslenskt samfélag er annars vegar. Einhverra hluta vegna er málum þannig háttað á Íslandi að sá einn ræður sem mest hefur valdið, óháð visku, samræðu eða einfaldlega hvort viðkomandi kemst að bestu mögulegu niðurstöðu fyrir heildina.

Í íslenskum stjórnmálum er oft talað um ráðherravald og það ekki að ósekju því vald ráðherra yfir sínum málaflokkum virðist á stundum vera allt að því algert. Embættismenn, sérfræðingar, nefndir og ráð eru að vísu látin þaufast og eiga heiður skilinn fyrir að fóðra viðkomandi ráðherra á upplýsingum og leiða þá til niðurstöðu en allt kemur fyrir ekki. Ef ráðherra líkar ekki niðurstaða sérfræðinga er einfaldlega ekki farið eftir henni.

Tillaga Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra um skipan dómaraembætta við hinn nýja Landsrétt er nýjasta dæmið um það sem við getum kallað: Eins-og-mér-finnst-og-rétt-er-pólitík. Í fjórum tilvikum af fimmtán taldi ráðherra sig vita betur en nefnd skipaða sérfræðingum og þar með var það niðurstaðan. Umræður um niðurstöðuna og atkvæðagreiðslan á Alþingi voru svo eins fyrirsjáanleg og verið gat því hér er lítil hefð fyrir því að stjórnarliðar taki afstöðu gegn ráðherrum sínum, því miður. Þetta er gott dæmi um að betur færi á því að ráðherra væri í raun framkvæmdaraðili þingsins, fremur en að stjórnarliðar á þingi starfi við að skrifa upp á vilja ráðherra.

Óháð því hversu rétt eða röng niðurstaðan er þá grafa þessir stjórnarhættir undan lýðræðinu og undan fagmennsku í stjórnun. Með öðrum orðum þá er þetta einfaldlega fúsk. Að auki hefur nú komið í ljós að skipan dómara við Landsrétt var ekki í samræmi við lög og gæti skapað ríkinu bótaábyrgð, samkvæmt áliti lögfræðinga sem Fréttablaðið leitaði til í vikunni. En þannig er það með fúsk, það á það til að koma í bakið á viðkomandi fúskurum með einum eða öðrum hætti og þetta tiltekna tilfelli gæti svo sannarlega reynst landsmönnum dýrt.

> En þannig er það með fúsk, það á það til að koma í bakið á viðkomandi fúskurum með einum eða öðrum hætti og þetta tiltekna tilfelli gæti svo sannarlega reynst landsmönnum dýrt.

Íslendingar eru þreyttir á fúski í stjórnmálum. Þreyttir á því að sérhagsmunir séu teknir fram yfir heildarhagsmuni og fagmennska látin víkja fyrir persónulegri sannfæringu einstaklinga sem fara með völd hverju sinni. Þessi þreyta var forsenda þess að í síðustu kosningum komust að nýir flokkar og nýtt fólk. Fólk sem fullyrti við kjósendur að nú yrði látið af öllu fúski, fagmennska og heildarhagsmunir ættu að ráða för.

Engu að síður hikaði þetta sama fólk ekki við að beygja sig undir ráðherravaldið margfræga. Lét sér nægja að jórtra rólyndislega á forsendum og röksemdafærslu ráðherra eins og tannhreinsityggjói og nýtti svo klessurnar til þess að reisa stoðir Landsréttar. Óháð því hversu hæfir viðkomandi einstaklingar eru, sem munu taka þar sæti dómara, þá er þegar búið að grafa undan þeim og senda um leið þjóðinni þau skilaboð að þetta sé hrákasmíð. Dómsvald reist á stoðum ráðherravalds og sérhagsmuna fremur en fagmennsku og lýðræðis.






## Halldór




## Frá degi til dags

**Vanhæfi**

**Það er alveg ótrúlega skemmtilegur samkvæmisleikur að fara yfir tengsl þeirra 37 umsækjenda sem sóttu um starf dómara við Landsrétt. Á listanum eru tíu héraðsdómarar, þrír dómstjórar, einn hæstaréttardómari og að minnsta kosti fimm fræðimenn úr tveimur stærstu háskólunum. Þá eru auðvitað uppi vísbendingar um að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu vanhæfir vegna þátttöku í afgreiðslu Alþingis á málinu, sem ekki var gerð með lögmætum hætti. Þá er spurningin, verður forseti Íslands vanhæfur ef hann staðfestir ákvörðunina með undirskrift sinni?**

**Hitnar í borginni**

**Það var átakafundur í borgarstjórn þegar rædd var húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar til 2020. Tóninn setti Guðfinna Guðmundsdóttir, fulltrúi Framsóknar, í gærmorgun sem sagði þéttingaráform meirihlutans hafa valdið miklum vanda. Það fuðraði svo allt upp á Facebook Lífar Magneudóttur, fulltrúa VG, á meðan á borgarstjórnarfundi stóð, þar sem hún sagðist vona að minnihlutinn fengi ekki að ráða neinu um framtíð Reykvíkinga. Hann ástundaði ömurlega pólitík. Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna, sagðist þá ekki geta stutt fleiri leiksýningar af hálfu meirihlutans. Notaleg fjölskyldustemning í Ráðhúsinu.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Beint lýðræði í menntamálum



Halldór Auðar Svansson
borgarfulltrúi Pírata



Þórlaug Ágústsdóttir
fulltrúi Pírata á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur

Beint lýðræði snýst um að þú getir haft bein áhrif á það sem skiptir þig máli. Beint lýðræði snýst ekki um að hafa skoðun á öllu alltaf, heldur að geta haft áhrif á það sem skiptir mann máli.

Núna stendur yfir mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar og í fyrsta sinn er þér; borgaranum, boðið með. Stefnumótunin fer fram í víðtæku samráði við fagmenn, starfsfólk borgarinnar, foreldra og nemendur sjálfa og nær yfir alla starfsemi skóla- og frístundasviðs borgarinnar, leikskóla, grunnskóla og frístund. Útgangspunktur stefnunnar er sú færni sem nemendur eiga að hafa öðlast árið 2030. Hvað á nemandi að kunna við útskrift? Á Betri Reykjavík, lýðræðisgátt Reykjavíkur, getur þú haft aðkomu með ýmsum hætti; mótað tillögur, forgangsraðað verkefnum og svokölluðum færniþáttum og tekið þátt í umræðum.

Liður í samráðsferlinu er að opnað hefur verið fyrir forgangsröðun færniþátta á Betri Reykjavík (betrireykjavik.is). Einnig getur almenningur lagt fram sínar eigin hugmyndir að færniþáttum og rökrætt þær fram og til baka. Þetta rímar vel við stefnu Pírata, sem borgin er nú að gera að sinni, að vefkerfi eins og Betri Reykjavík eigi að nota í meiri mæli til að fá fram álit á þeirri stefnumótun og ákvarðanatöku sem eru í gangi hjá borginni hverju sinni. Nú þegar þekkir fólk ágætlega til árlegrar hugmyndasöfnunar um framkvæmdir í hverfum á Betri Reykjavík, Hverfið mitt, og hefur það notið vaxandi vinsælda. Í fyrra var kosningaþátttaka í Hverfinu mínu 9,4 prósent og hefur aldrei verið hærri. Lykillinn að velgengni þessari er sennilega sú að þarna er hugmyndasöfnunin – lýðræðið – beintengd við stjórnsýslu borgarinnar; fólk hefur raunveruleg áhrif á það sem borgin gerir og sér árangur af því að taka þátt. Framtíðin í stjórnsýslu felst í lifandi samtali við almenning í gegnum vefinn og Reykjavíkurborg ryður þar veginn. Hvernig sérð þú fyrir þér skólakerfið árið 2030? Taktu þátt á Betri Reykjavík – samráð stendur yfir til 10. júní.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kenning Einsteins um vitfirru; Á hún við um krónuna?



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Eins og flestir vita, var Albert Einstein einn mesti stærðfræðingur, eðlisfræðingur og hugsuður síðustu aldar. Hann setti m.a. fram afstæðiskenninguna, og þegar hann var spurður, hvað afstæða væri, var svarið þetta: „Ef þú situr með fallegri stúlku í tvo tíma, er það eins og ein mínúta, en, ef þú situr á heitum ofni í eina mínútu, er það eins og tveir tímar.“

Það, sem ég vil fjalla um hér, er þó önnur og nokkru alvarlegri tilvitnun í Einstein:

„Ef þú gerir sama hlutinn aftur og aftur og reiknar með breytilegri niðurstöðu, þá er það vitfirra.“

**Gengið fallið 40 sinnum**

Mér er sagt, að krónan hafi fallið 40 sinnum frá 1950. Þessi fjöldi er ekki aðalmálið, heldur þau vandræði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og aðra – á stundum sá stórfelldi sársauki og kvöl – sem þessar sviptingar á gengi og verðgildi krónunnar hafa haft í för með sér fyrir flesta landsmenn, auk þeirra miklu vaxta, sem óstöðugri krónu hafa fylgt og þjakað hafa lántakendur og skuldara.

Þrátt fyrir þetta – þrátt fyrir síðasta heljarstökkið 2008 og fárið, sem því fylgdi – er eins og stjórnendur gjaldmiðils- og peningamála á Íslandi hafi ekkert lært. Þeir gera það sama aftur og aftur í gjaldmiðilsmálum, halda krónunni úti með sama hætti, en virðast reikna með nýrri og betri útkomu í hverri nýrri tilraun.

Þetta á við um stjórnendur Seðlabanka og stjórnendur landsins, hvert teymið á fætur öðru. Ef Einstein hefur á réttu að standa með kenningu sína, er þetta ekki góður vitnisburður eða dómur yfir stjórnendum þessa lands.

**Hvernig á ekki að leysa vandamál**

„Þú getur aldrei leyst vandamál með sömu hugsun og vandamálinu olli.“ Þetta er líka kenning, sem Einstein setti fram, og ég hygg, að flestir hljóti að sjá, að er rétt. Þessi sannindi hafa greinilega ekki náð til stjórnenda gjaldmiðilsmála á Íslandi. Þeir lemja höfðinu við steininn og ganga glaðbeittir fram á fundum og fullyrða: „Krónan bjargaði okkur úr hruninu.“ Sannleikurinn er auðvitað það andstæða; Það var krónan, sem kom okkur í hrunið. Ef við hefðum verið með evruna, í stað krónunnar, og í ESB, hefðum við aldrei lent í hruninu með þeim hætti, sem varð; Evrópski seðlabankinn og björgunarsjóðir Evrópu/ESB hefðu bjargað okkur frá því versta, eins og öllum öðrum ESB-löndum.

**Af hverju er krónan handónýt?**

Ég hef líkt krónunni við 30 tonna fiskibát á úthafi gengis-, gjaldeyris- og efnahagsmála, sem auðvitað hendist til og sveiflast upp og niður í þeim stormum, sem þar geisa, og flýtur alvarlega laskaður, í bezta falli, meðan evran er eins og 50.000 tonna hafskip, sem allt stendur af sér.

Í Bergen í Noregi eru um 340.000 íbúar, sem lifa mikið á fiskveiðum og ferðamennsku. Gætu þeir verið með eigin gjaldmiðil? Gætu verið sautján gjaldmiðlar í Danmörku, en Danir eru sautján sinnum fleiri en við? Hvernig í ósköpunum eigum við, 340.000 manns, að geta haldið úti stöðugum og traustum gjaldmiðli, með lágmarksvöxtum, þegar meira að segja Þjóðverjar, með sitt ofursterka þýzka mark, ákváðu að styrkja sitt efnahagskerfi enn betur með upptöku evrunnar?

**Skilja þetta allir nema við?**

Allar aðrar smáþjóðir Evrópu, fjórtán talsins, hafa tekið upp evruna. Þetta eru allt stoltar og sjálfstæðar þjóðir, eins og við, en þær skilja að á þessum tímum samþjöppunar heimsins og alþjóðlegra fjármálakerfa verða þeir, sem skyldir eru og svipuð eða sömu lífsviðhorf og menningu hafa, að standa saman og stilla sín kerfi og tæki saman með sameiginlegra hagsmuni og öryggi fyrir augum.

Í raun og veru er gjaldmiðill verkfæri eða tæki, sem ekkert hefur með þjóðerni að gera; Menn geta því gleymt öllum þjóðernistilfinningum og þjóðarmetnaði hér.

# Ekki vera fáviti



Bergsteinn Jónsson
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

**Ekkert í reglugerðinni skyldar eða hvetur til þess að Ísland sendi frá sér flóttafólk.**

Borg verður óbyggðir, barnið er stuck þar,“ syngur Kött Grá Pje í lagi dags rauða nefsins og vísar til milljóna barna sem eru fórnarlömb átaka og ofsókna um allan heim. Við berum öll ábyrgð á þessum börnum og alveg sérstaka ábyrgð berum við á börnunum sem dvelja hér á landi. Þau sem komast loksins í öryggi eftir langt og strangt ferðalag.

**Mannréttindi barna alls staðar**

UNICEF leggur ríka áherslu á að mannréttindi barna séu virt hvar sem þau eru stödd í heiminum. Barnasáttmálinn á alltaf við um öll börn. Um 50 milljónir barna búa nú utan fæðingarlands síns og þar af eru 28 milljónir á flótta undan átökum, og börnum sem eru ein á ferð fjölgar hratt. Þau leita að fjölskyldum sínum, eða flýja þær vegna ofbeldis, þvingaðra giftinga eða hermennsku. En börn á flótta eru líka í sérstakri áhættu þegar kemur að ofbeldi og misnotkun. Ábyrgð okkar á að tryggja öryggi þeirra er mikil.

**Það sem barni er fyrir bestu**

Börn sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi eiga sömu mannréttindi og önnur börn hér á landi. Þau mannréttindi hafa þó ítrekað verið brotin þegar börnin hafa ekki fengið sömu umönnun og þjónustu og önnur börn. Þau eru einnig brotin þegar börn eru send úr landi gegn vilja þeirra og án þess að öryggi þeirra sé tryggt, því þriðja grein Barnasáttmálans kveður á um að það sem sé barninu fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn.

Kröfur um endursendingar byggja oft á Dyflinnarreglugerðinni sem íslensk stjórnvöld beita í mörgum málum. Reglugerðinni er ætlað að dreifa álagi við móttöku flóttafólks í Evrópu en hefur þess í stað aukið gríðarlega álag á þau ríki sem eiga landamæri að Miðjarðarhafinu. Ekkert í reglugerðinni skyldar eða hvetur til þess að Ísland sendi frá sér flóttafólk, en það virðist samt sem áður vera stefna stjórnvalda. Þegar kemur að viðkvæmum hópum eins og börnum er slík stefna óásættanleg. Ísland hefur lagt áherslu á að koma viðkvæmum og jaðarsettum hópum flóttafólks til aðstoðar, og það ætti einnig að eiga við um þá umsækjendur um alþjóðlega vernd sem koma hingað til lands af sjálfsdáðum.

„Ekki vera fáviti. Nískuflipp. Opnum dyrnar,“ heldur Kött Grá Pje áfram í laginu fyrir dag rauða nefsins. Öll börn eiga rétt. Verndum börn á flótta, sérstaklega börn sem eru ein á ferð. Ráðstafanir okkar í málefnum þeirra geta skilið á milli lífs og dauða.



PLOKKFISKUR
HAFIÐ
FISKVERSLUN
Hlíðasmára • Spönginni • Skipholti
HUMAR

Lodge járnpanna, 26 cm
Verð 8.900 kr.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
kokka
laugavegi 47
laugavegi 47 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Álgluggar og hurðir

CE - merkt framleiðsla
• Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
• Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
• Schüco tryggir lausnir og gæði
• Þekking og þjónusta
• Áralöng reynsla
Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga
IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi
SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli

VIÐ SJÁUM UM
VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM
Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

# Ráðherra á refilstigum



**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur

Það er athyglisvert að hlusta á utanríkisráðherra lýðveldisins ræða um málefni granna okkar í Evrópu. Það fer ekki á milli mála að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins eiga við mikil talmein að stríða þegar þeir þurfa að minnast á ESB án þess að hreyta úr sér ónotum eða skammaryrðum. Stundum skýlir ráðherrann sér á bak við EES til að þurfa ekki að segja Evrópusambandið. Hann ræðir iðulega við fréttamenn eins og Evrópusambandið sé hreinlega ekki til.

Bretland er hins vegar orðið eftirlæti ráðherrans. Aldrei er rekinn framan í hann hljóðnemi svo hann mæri ekki Breta og lofsyngi. Eftir að þeir sögðu sig úr ESB eru þeir allt í einu orðnir sérstakir vinir okkar Íslendinga. Öðru vísi mér áður brá, því þeir eru í reynd eina Evrópuþjóðin sem sýnt hefur okkur beinan fjandskap, ef alþjóðleg átök heimsstyrjaldanna eru frátalin. Þeir gengu harðast fram í því að reyna að hindra að Ísland fengi alþjóðlega viðurkenningu á útvíkkun landhelginnar. Sennilega bjargaði aðild okkar að NATO og varnarsamningurinn við BNA því, að við urðum ekki undir og hefðum þurft að bíta í gras.

Árið 2008 settu þeir okkur á lista yfir hryðjuverkalönd, sem pólitískt og í viðskiptalegu tilliti jafngilti því að landið væri sett í sóttkví vegna ebólufaraldurs. Það var fyrirferðarmikil vinátta. Aldrei báðust þeir afsökunar. Stóra-Bretland þarf ekki að afsaka gerðir sínar. Bretar eru nefnilega eins og flest önnur stórveldi; þeir þekkja ekki varanleg vináttusambönd, aðeins tímabundin hagsmunatengsl. Málflutningur íslenska utanríkisráðherrans er því barnalegur, falskur og smeðjulegur.

**Evrópusambandið sem bannorð**

Bretar eru vissulega mikilvægir nágrannar, sem við verðum að eiga góð samskipti við. Hagsmunir þeirra munu hins vegar, framvegis sem hingað til, ráða því hverjir séu vinir þeirra í það eða hitt skiptið. Það er ekki leið til virðingar eða áhrifa að vera sífellt á hnjánum og mæra þá fyrir vináttu og forystugæði, þegar sagan sýnir allt aðrar hliðar á sambandi landanna. En þessi hegðun ráðherrans kallar á útmálun og greiningu. Sá sem þetta ritar finnur ekki aðrar líklegar skýringar en hugmyndafræðilega frændsemi í frjálshyggjunni og langþráðan bandamann í andúð á ESB.

> **Ráðherrann er að niðurlægja og snupra Viðreisn með því að smána ESB, en aðild að því var eitt helsta baráttumál Viðreisnar, og svik Sjálfstæðisflokksins við þjóðaratkvæði fæðingarvottorð Viðreisnar.**

Íslenski utanríkisráðherrann telur sennilega að nú hafi heldur betur hlaupið á snærið hjá flokki sínum með nýjan félaga í slag fyrir endalokum ESB. En kannski er útskýringin nærtækari. Ráðherrann er að niðurlægja og snupra Viðreisn með því að smána ESB, en aðild að því var eitt helsta baráttumál Viðreisnar, og svik Sjálfstæðisflokksins við þjóðaratkvæði fæðingarvottorð Viðreisnar. Nú eru þeir saman í ríkisstjórn þar sem utanríkisráðherra hennar virðist líta á orðið Evrópusamband sem blótsyrði, sem ekki sæmi að hafa á orði í opinberri umræðu.

# Tröppur á hjúkrunarheimili



**Sesselja Guðmundsdóttir**
aðstandandi

Móðir mín (94 ára) fór á hjúkrunarheimilið Víðihlíð í Grindavík fyrir um tveimur mánuðum og var búin að bíða eftir vist í nokkur ár. Heimilið er ríkisrekið. Þar eru enn tveggja manna herbergi þannig að móðir mín deilir litlu herbergi með ókunnri konu. Skömm er að. Starfsfólkið er yndislegt og sem betur fer talar það íslensku.

Móðir mín er hálf blind, engin sjón á öðru auga en um fjögur prósent á hinu. Hún kýs að ganga stigann á milli hæðanna (t.d. að útgangi) til þess að halda sér í formi en þrepamerkingarnar (hvít lína) eru afmáðar sumstaðar. Hún á erfitt með að átta sig á þrepunum fyrir vikið. Ég nefndi þetta við yfirmann heimilisins og taldi hreinlega víst að slitið væri bara athugunarleysi. Nei, aldeilis ekki. Ríkið hefur ekki brugðist við ítrekuðum athugasemdum, bæði yfirstjórnar heimilisins, Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits í 2-3 ár!

> **Ríkið hefur ekki brugðist við ítrekuðum athugasemdum, bæði yfirstjórnar heimilisins, Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits í 2-3 ár!**

Það þarf að útbúa einstaklingsherbergi í Víðihlíð strax. Framkvæmdasjóður aldraðra (FA) hefur ekki staðið undir nafni frá 2011 þegar ríkið leyfði að fé hans færi til reksturs heimila en hvorki viðhalds né framkvæmda eins og til var stofnað. Nú er lag hjá ríkri þjóð að afnema þessa heimild og láta FA sinna sínum frumskyldum, t.d. að gera umhverfi gamalmennanna sómasamlegt og öruggt. „Það er engin ástæða til þess að borða naglasúpu þegar vel árar,“ segir nýr formaður sjóðsins, dr. Guðrún Alda Harðardóttir. Er farin að efast um kraft heilbrigðisráðherra en ef hann læsi nú þessi orð myndi hann líklega láta laga tröppurnar í Víðihlíð með einu pennastriki. Eða hvað?

**Gildi–lífeyrissjóður**
*Aukaársfundur 2017*

*Grand hótel Reykjavík, fimmtudaginn 22. júní kl. 17.00*

**Dagskrá fundarins**
1. Tillögur til breytinga á samþykktum Gildis–lífeyrissjóðs.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundinum.

Tillögur til breytinga á samþykktum má sjá á vef sjóðsins og liggja þær einnig frammi á skrifstofu sjóðsins.

Stjórn Gildis–lífeyrissjóðs.

GILDI
www.gildi.is

# KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM




**-15%**

**STYL VISITOR**

~~13.900 kr.~~

**11.800 kr.**




**-15%**

**SITNES HIGH BOB HEILSUKOLLUR**

~~44.500 kr.~~

**37.800 kr.**




**-15%**

**NAVIGO SKRIFBORÐSSTÓLL**

~~49.900 kr.~~

**42.400 kr.**

MYNDFORM GRAFÍK

## RAFMAGNSBORÐ

Dönsk hönnun, frábær verð frá PRIMA Twilum

VINSÆLASTA VARAN



PRIMA **RAFMAGNSBORÐ 120 X 80** **56.000 kr.**

PRIMA **RAFMAGNSBORÐ 150 X 80** **58.600 kr.**

PRIMA **RAFMAGNSBORÐ 180 X 90** **67.800 kr.**

Fjöldi lita í boði. Borðin eru einnig til án rafmagns.
Nánari upplýsingar fást í verslun okkar að Síðumúla 37.

## KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU

### SITJUM Á HREYFINGU

wagner

Einu stólarnir með 360° Dondola veltitækninni.

10 ára ábyrgð*

Dondola®



**-50 þúsund krónur!**

**WAGNER ERGOMEDIC 100-3**

~~199.700 kr.~~

**149.700 kr.**

*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is



Það var létt yfir Birki Bjarnasyni fyrir æfingu íslenska landsliðsins í gær og hann er klár í slaginn stóra gegn frábæru liði Króata. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ég verð klár í Króataleikinn

**Birkir Bjarnason hefur ekki spilað fótboltaleik í rúma þrjá mánuði en verður tilbúinn fyrir stórleikinn gegn Króatíu um helgina. Hann spilar á Englandi en var í Sviss á dögunum að fagna meistaratitli með Basel.**

**FÓTBOLTI** Birkir Bjarnason var mættur á æfingu íslenska landsliðsins í gær og virkar stálhraustur. Ekki veitir af fyrir átökin miklu gegn Króötum um næstu helgi en það er alger lykilleikur fyrir íslenska liðið í undankeppni HM 2018.

Birkir hefur verið meiddur lengi og hefur ekki spilað knattspyrnuleik í rúma þrjá mánuði vegna meiðsla.

„Það er ekkert hægt að fela að það er langt síðan ég spilaði fótbolta en mér líður mjög vel í dag og hef verið að æfa vel og lengi. Ég hefði kannski getað byrjað að æfa aðeins fyrr en við tókum þá ákvörðun að það væri betra að bíða aðeins með það þar sem það var langt í landsleikinn. Ég held að það hafi verið klókt hjá okkur,“ segir Birkir en hann byrjaði að æfa af fullum krafti um miðjan síðasta mánuð.

„Ég er orðinn 100 prósent góður og finn ekki fyrir neinum eymslum eftir æfingar. Er ekkert smeykur við að beita mér. Ég verð því fullkomlega klár í þennan leik gegn Króötum og get ekki beðið eftir að mæta í þann leik.“

## Liðið ætlar sér stærri hluti

Birkir hafði vistaskipti í upphafi árs er hann fór frá Sviss yfir til Englands þar sem hann leikur með Aston Villa. Það gekk bölvanlega hjá liðinu er hann kom þangað en liðið átti þó ágætan endasprett í ensku B-deildinni. Þrátt fyrir smá bras innan vallar þá sér Birkir ekkert eftir því að hafa farið til Englands.

„Þó svo hafi gengið illa þá var liðið að spila alveg ágætlega. Mér gekk bara vel en við náðum bara ekki að vinna. Við unnum leikinn sem ég meiddist í og svo unnum við átta í röð. En liðið ætlar sér stærri hluti og við ætlum upp næsta vetur,“ segir Birkir sem kann vel við sig á Englandi. Aston Villa er stórt félag og mikill fjöldi sem mætir á leiki liðsins.

„Mér líkar vel við þetta allt saman. Umgjörðin er frábær og ég hef auðvitað alltaf viljað spila á Englandi. Það er mikil ástríða í Birmingham og reyndar bara í allri deildinni. Við slógum met í vetur yfir flesta áhorfendur í deildinni.“

## Gaman að vera með frá byrjun

Nú mun Birkir ná fullu undirbúningstímabili með liðinu og hann er strax farinn að klæja í puttana að byrja á nýjan leik næsta haust.

„Það verður gaman að vera með frá byrjun. Það er alltaf svolítið erfitt að koma inn á miðju tímabili. Ég hlakka mikið til að byrja og hef fulla trú á því að þetta verði gott tímabil hjá okkur,“ segir Birkir en hann náði aðeins að spila átta leiki fyrir Villa í vetur. Hann var í byrjunarliðinu í fimm af þessum leikjum.

Ensku B-deildinni lauk frekar snemma þannig að Birkir hefur fengið ágætis frí. Venju samkvæmt eyddi hann drjúgum hluta af fríinu á Akureyri.

„Það er alltaf gott að koma heim og hitta ættingja. Ég fer alltaf norður enda á ég marga ættingja þar. Mér líður alltaf langbest fyrir norðan,“ segir Birkir glaður.

## Fagnaði í Sviss

Hann fór einnig til Ítalíu og var svo í Sviss á dögunum þar sem hann fagnaði með gömlu liðsfélögunum sínum í Basel er þeir fengu afhent sigurverðlaunin fyrir að vinna svissnesku deildina enn eitt árið. Birkir spilaði með þeim fyrri hluta tímabilsins og fékk því að sjálfsögðu verðlaunapening.

„Ég fékk boð um að koma í fögnuðinn. Það var líka verið að kveðja forsetann og íþróttastjórann hjá félaginu. Þetta var virkilega skemmtilegur dagur. Það var reyndar svolítið skrítið að fagna með liði sem ég er ekki lengur í en ég var hluti af þessu liði hálfa leiktíðina og gaman að sjá alla strákana aftur og upplifa þetta.“ **henry@frettabladid.is**

### RAKITIC FJARRI GÓÐU GAMNI



Ivan Rakitic, miðjumaður Barcelona, verður ekki með króatíska landsliðinu gegn því íslenska í undankeppni HM 2018 á sunnudaginn kemur. Rakitic er meiddur og verður því fjarri góðu gamni á Laugardalsvellinum. Þetta er vatn á myllu Íslendinga en Rakitic hefur verið í hópi bestu miðjumanna Evrópu undanfarin ár. Rakitic, sem er 29 ára, hefur verið í herbúðum Barcelona frá 2014. Hann hefur leikið 83 landsleiki fyrir Króatíu og skorað 13 mörk. Mateo Kovacic, leikmaður Spánar- og Evrópumeistara Real Madrid kemur væntanlega inn í byrjunarlið Króatíu stað Rakitic.

**Ef GSW klára þessa seríu þá er ekkert sem mælir gegn því að þeir séu besta lið sögunnar. #NBA365 #Korfubolti**

Snorri Örn Arnaldsson
**@snorriorn**

### VEIKINDI HRJÁ ALFREÐ

Alfreð Finnbogason gat ekki tekið þátt í æfingu íslenska landsliðsins á Laugardalsvelli í gær vegna ælupestar. Vonir standa til að hann hristi veikindin fljótt af sér. Alfreð er einn þriggja framherja í íslenska hópnum ásamt Birni Bergmann Sigurðarsyni og Jóni Daða Böðvarssyni. Alfreð hefur ekki leikið með íslenska landsliðinu síðan í 2-0 sigrinum á Tyrkjum 9. október í fyrra en hann var mikið meiddur í vetur. Alfreð er markahæsti leikmaður Íslands í undankeppni HM 2018 með þrjú mörk.




## Í dag

**01.00** **Cleveland - Golden St.** Sport

**Inkasso-deildin:**
**19.15** **Keflavík - Haukar** Keflavík



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. júní 2017 | 22. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










# Skúli til Asíu á næsta ári

Skúli Mogensen segir gríðarlega aukningu í ferðamannastraumi frá Asíu verða með beinu flugi þangað. Alþjóðlegur tengiflugvöllur nauðsynlegur til að koma í veg fyrir hrun ef einn markaður bregst. Umræða um Hvassahraun tafið uppbyggingu í Keflavík. »4



»2

**Ekki sótt stjórnarfund í tvo mánuði**

Jakob Ásmundsson hefur ekki sótt stjórnarfundi Arion banka eða tekið þátt í öðrum stjórnarstörfum í meira en tvo mánuði vegna skoðunar Kaupskila, dótturfélags Kaupþings, sem á 58 prósenta hlut í bankanum, á óhæði hans sem stjórnarmanns.

»2

**Norðurál tapaði 2,5 milljörðum**

Álver Norðuráls á Grundartanga var rekið með 21,2 milljóna dala tapi í fyrra, jafnvirði 2,4 milljarða króna, og er um að ræða verstu afkomu í 19 ára sögu fyrirtækisins.

»6

**Glímir við skort á trúverðugleika**

„Auk þess næst trúverðugleiki aðeins ef maður stendur við loforð sín, og þar sem Seðlabanki Íslands hefur í sögulegu samhengi ekki staðið við sitt kemur það varla á óvart að trúverðugleiki hans sé lítill.“




# Hagnaður Fontana meira en þrefaldaðist í fyrra



Laugarvatn Fontana var opnað sumarið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Baðstaðurinn Laugarvatn Fontana var rekinn með 90,8 milljóna króna hagnaði í fyrra og var afkoman þá þrefalt betri en árið á undan. Tekjur fyrirtækisins námu 372 milljónum samanborið við 235 milljónir árið 2015.

Þetta kemur fram í nýjum ársreikningi Laugarvatns Fontana ehf. sem var opnað í júlí 2011. Um er að ræða baðstað og verslun sem eru byggð í kringum náttúrulegt gufubað á lóð fyrirtækisins. Fontana er í eigu Gufu ehf. og er dótturfélag Icelandair Group, Flugleiðahótel ehf., stærsti eigandi móðurfélagsins með 32 prósent. Þar á eftir kemur dótturfélag Bláa lónsins, Íslenskar heilsulindir, með 19,1 prósent.

Í árslok 2016 átti Fontana eignir upp á 105 milljónir en skuldaði 137 milljónir. Eigið fé fyrirtækisins var því neikvætt um 31 milljón króna. Baðstaðurinn var í fyrsta sinn rekinn með hagnaði árið 2015. – hg



Magnea Þórey Hjálmarsdóttir er stjórnarformaður Laugarvatns Fontana.

**372** milljóna velta var hjá baðstaðnum í fyrra.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Hótelfasteignin Skúlagarður í Kelduhverfi**

Til sölu er helmingshlutur eða meira í Skúlagarði fasteignafélagi ehf. Í fasteignum félagsins, sem samtals eru 947 fm að stærð, er rekið 17 herbergja hótel búið nýlegum herbergjum sem öll eru með baði. Auk þess er veitingarými með góðu eldhúsi og aðgengi að 233 fm samkomusal. Lóðin er mjög stór eða 13.732 fm sem býður upp á mikla stækkunarmöguleika. Á lóðinni er m.a. starfsmannabústaður. Hótelið mun væntanlega styrkja mjög stöðu sína þegar nýr Dettifossvegur er fullbúinn.








**Frekari upplýsingar veita:**
Gunnar Svavarsson, gunnar@kontakt.is
Guðni Halldórsson, gudni@kontakt.is

**Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is**

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland
Haukur 06.17



Norðurál hefur rekið álverið á Grundartanga frá júní 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Versta afkoma álvers Norðuráls frá upphafi

**Álver Norðuráls á Grundartanga var rekið með um 2,4 milljarða króna tapi í fyrra. Tekjur fyrirtækisins drógust saman enda álverð ekki verið lægra síðan 2003. Forstjórinn bendir á að verðið hafi hækkað um 20 prósent frá áramótum.**

Álver Norðuráls á Grundartanga var rekið með 21,2 milljóna dala tapi í fyrra, jafnvirði 2,4 milljarða króna, og er um að ræða verstu afkomu í nítján ára sögu fyrirtækisins. Tekjur álversins drógust saman um ellefu prósent og bendir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, á að álverð hafi í fyrra ekki verið lægra síðan 2003.

„Áliðnaðurinn einkennist af sveiflum í verði og erum við því ekki óvön að sjá það sveiflast upp og niður. Við erum líka að sjá áhrifin af sterkari krónu og launahækkanir hér hafa verið mun meiri en í nágrannalöndum og launakostnaður því aukist,“ segir Ragnar.

Forstjórinn bendir á að álverð hafi hækkað um 20 prósent frá meðalverðinu í fyrra. Tonn af áli hafi í gær kostað um 1.918 dali en að meðaltali um 1.600 dali í fyrra.

„Frá síðasta ári hefur krónan styrkst enn þá meira og launahækkanir eru enn þá töluvert meiri. Þetta er hluti af skýringunni á afkomunni í fyrra þar sem stóra myndin er tekjurnar.“

**Áliðnaðurinn einkennist af sveiflum í verði og erum við því ekki óvön að sjá það sveiflast upp og niður.**



Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls

Tekjur álversins í fyrra námu 516 milljónum dala, eða 58 milljörðum króna miðað við gengi krónunnar í lok árs, og drógust saman um 65 milljónir dala milli ára. Rekstrarkostnaður lækkaði einnig eða úr 476 milljónum dala árið 2015 í 450 milljónir. Álverið á Grundartanga hefur ekki skilað tapi síðan árið 2009 þegar afkoman var neikvæð um 3,2 milljónir dala. Árið 2015 skiluðu framleiðsla og útflutningur á áli fyrirtækinu hagnaði upp á 46 milljónir dala og 82,7 milljónir árið 2014. Síðastliðin tíu ár hefur afkoman þó ekki verið betri en árið 2008 þegar álverið var rekið með 164 milljóna dala hagnaði.

Hagnaður fyrir skatta og fjármagnsliði nam 26 milljónum dala í fyrra samanborið við 63 milljónir árið 2015. Eigið fé félagsins var jákvætt um 375 milljónir í árslok 2016 samanborið við 397 milljónir á sama tíma árið á undan.

Stjórn Norðuráls Grundartanga ehf. félagsins samþykkti í apríl að greiða móðurfélaginu Norðuráli ehf. 60 milljóna dala arð vegna rekstursins í fyrra. Norðurál ehf. er í eigu kanadíska álfyrirtækisins Century Aluminum og hefur ekki skilað inn ársreikningi til ársreikningaskrár ríkisskattstjóra fyrir árið í fyrra.

**haraldur@frettabladid.is**

# Ekki sótt stjórnarfundi frá því í mars

Jakob Ásmundsson, sem var kjörinn stjórnarmaður í Arion banka á aðalfundi 9. mars síðastliðinn, hefur ekki sótt fundi stjórnar bankans eða tekið þátt í öðrum stjórnarstörfum í meira en tvo mánuði vegna skoðunar Kaupskila, dótturfélags Kaupþings sem á 58 prósenta hlut í bankanum, á óhæði hans sem stjórnarmanns. Ráðist var í þá skoðun eftir að Kaupskilum barst fyrirspurn frá Fjármálaeftirlitinu (FME) um hvort Jakob kynni að vera háður stjórnarmaður vegna mögulegra fyrri tengsla hans við Kaupþing, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Reynir Karlsson, stjórnarformaður Kaupskila, segir í samtali við Markaðinn að slík fyrirspurn hafi borist í lok marsmánaðar en vill þó ekki staðfesta að hún hafi komið frá FME. Í kjölfarið hafi Kaupskil beint því til Jakobs að hann myndi ekki sinna stjórnarstörfum á meðan farið væri í frekari vinnu á fyrra mati félagsins um að hann væri óháður stjórnarmaður. Jakob sótti meðal annars ekki fund stjórnar Arion banka 12. maí síðastliðinn þegar stjórnin samþykkti árshlutareikning bankans fyrir fyrsta ársfjórðung. Reynir segir hins vegar að þeirri vinnu Kaupskila sé nú lokið og að niðurstaðan hafi verið sú hin sama og áður um að Jakob væri óháður Kaupþingi. Hann muni því sækja næsta fund stjórnar Arion banka.




Kaupþing á 58 prósent í Arion í gegnum Kaupskil. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Jakob Ásmundsson, stjórnarmaður í Arion banka

Jakob var forstjóri Straums fjárfestingarbanka á árunum 2013 til 2015 en þar áður starfaði hann sem fjármálastjóri eignaumsýslufélagsins ALMC (gamla Straums). Hann var á meðal nokkurra fyrrverandi lykilstjórnenda ALMC sem fengu hundruð milljóna króna hver í sinn hlut þegar félagið greiddi samanlagt út yfir þrjá milljarða í bónusa til starfsmanna í desember 2015. Hluthafar ALMC eru ýmsir erlendir fjárfestingarsjóðir og fjármálafyrirtæki, meðal annars Goldman Sachs, en bankinn var fimmti stærsti hluthaf félagsins í árslok 2016 með tæplega sjö prósenta hlut. Félag í eigu Goldman Sachs var sem kunnugt er í hópi stórra kröfuhafa í Kaupþingi sem keyptu samanlagt 29,2 prósenta hlut í Arion banka fyrr á þessu ári.

**hordur@frettabladid.is**


unicef
Vertu með!
Heimsforeldrar UNICEF eru hópur af fólki sem bætir líf barna á hverjum degi.
Horfðu á frábæra skemmtidagskrá á degi rauða nefsins á RÚV föstudaginn 9. júní kl. 19:40 og sjáðu hvernig þú getur gert heiminn betri.
Smelltu þér inn á unicef.is og sjáðu hvað er í gangi.
#heimsforeldri
unicef.is
DAGUR RAUÐA NEFSINS
09/06/17
vodafone
LINDEX
KVIKA



„Margir spáðu að Bandaríkjaflugið yrði okkar banabiti en það hefur hins vegar haft þveröfug áhrif,“ segir Skúli Mogensen, stofnandi og forstjóri WOW air. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Asía mótspil við aukinni samkeppni

**Skúli Mogensen sér fram á gríðarlega aukningu í ferðamannastraumi frá Asíu til Íslands þegar WOW air hefur beint flug þangað á næsta ári. Alþjóðlegur tengiflugvöllur nauðsynlegur til að koma í veg fyrir hrun ef einn markaður bregst. Erlendir og innlendir fjárfestar sýna flugfélaginu stöðugan áhuga.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air, segir að flugfélagið muni hefja beint flug til Asíu á næsta ári. „Þegar það gerist munum við sjá, rétt eins og gerðist þegar við hófum beint flug til Kaliforníu, gríðarlega aukningu þaðan í ferðamannastraumi til Íslands. Ég get fullyrt það.“

Í viðtali við Markaðinn segir Skúli að félagið vinni nú að því að ákveða hvaða áfangastaðir í Asíu verði fyrir valinu en hann er þeirrar skoðunar að beint flug þangað skipti sköpum fyrir WOW air eigi það að lifa af aukna samkeppni í flugi yfir hafið. Grundvallarskilning vanti á þeirri ógn innan stjórnsýslunnar sem einblíni nær alfarið á komu ferðamanna til Íslands í stað þess að skoða tækifærin sem séu fólgin í því að búa til fyrirmyndar alþjóðlegan tengiflugvöll sem gæti tryggt stöðugleikann í ferðamannastraumnum til og frá Íslandi og komið í veg fyrir skyndilegt hrun sökum þess að einn markaður bregðist.

Þegar blaðamaður settist niður með Skúla í liðinni viku voru fimm ár liðin frá því að WOW air fór í jómfrúarflug sitt 31. maí 2012. Óhætt er að segja félagið hafi vaxið hratt á þessum árum en áætlað er að tekjur þess aukist um ríflega 70 prósent í ár og verði samtals um 500 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 50 milljarða króna.

*Það má segja að þú hafir lagt allt þitt undir Ísland og ferðaþjónustu. Þegar þú lítur fimm ár til baka, áttirðu von á því að vöxturinn yrði jafn mikill og reyndin hefur orðið?* „Já og nei. Ég bjóst tvímælalaust við því að það yrði mikill vöxtur en að hann yrði jafn mikill á svo skömmum tíma – úr hundrað þúsund farþegum 2012 í þrjár milljónir farþega í ár – hefur komið skemmtilega á óvart og er langt umfram allar mínar væntingar.“

*Reksturinn tekur stakkaskiptum eftir að WOW air byrjar að fljúga til Bandaríkjanna árið 2015, ekki satt?* „Það hefur sýnt sig eftir að við hófum flug til Bandaríkjanna hvað viðskiptamódelið er að virka vel enda var ég alltaf viss um að við þyrftum að ná Norður-Ameríku inn í leiðakerfið okkar og nota Ísland sem stoppistöð (e. hub) fyrir flug yfir hafið.

Það er þekkt fyrirbæri að þegar flugfélag kemur með nýjan áfangastað á markaðinn verður aukning í farþegafjölda um kannski 10 til 15 prósent. Frá því að við byrjuðum að fljúga beint til Kaliforníu höfum við séð aukningu í farþegafjölda þaðan til Íslands upp á mörg hundruð prósent. Flugið yfir hafið hefur því reynst afar vel og gefið okkur byr undir báða vængi. Margir spáðu að Bandaríkjaflugið yrði okkar banabiti en það hefur hins vegar haft þveröfug áhrif.“

> **Mér finnst það galin hugmynd, eins og forsvarsmenn Icelandair hafa talað fyrir, að byggja upp annan flugvöll í Hvassahrauni og held að sú umræða hafi truflað uppbygginguna í Keflavík.**

*Fyrstu árin einkenndust samt af taprekstri og þá þurfti að seinka áformum ykkar um að hefja flug til Bandaríkjanna í um eitt ár sem kostaði félagið talsverða fjármuni. Kom aldrei sá tímapunktur þar sem þú hugsaðir með þér að þú hefðir mögulega veðjað á rangan hest?* „Þetta hefur vissulega verið þungt á köflum og fyrsta alvarlega staðan kom upp haustið 2012 þegar við við stóðum frammi fyrir því að sumarið hafði ekki verið í takt við áætlanir og tapið reynst miklu meira. Ég þurfti þá að spyrja mig hvort ég ætti að pakka saman og viðurkenna mistökin eða fara hina leiðina og leggja allt mitt undir í félagið. Það var langt í frá augljóst á þeim tíma hvort þetta myndi ganga eftir og það hafði enginn fjárfestir þá áhuga á að koma að félaginu þannig að ég var í raun tilneyddur til að gera þetta sjálfur.“

## Dregur úr rekstraráhættu

*Þú hefur sagst ekki ætla að láta íslenskar aðstæður hamla vexti WOW air og að félagið stefni að því að opna nýja sjálfstæða starfsstöð. Hvar er það mál statt í dag?* „Já, við höfum verið að skoða það mjög alvarlega. Hvernig getum við nýtt okkur vörumerki okkar, þekkingu, hugbúnaðarþróun, hliðartekjur og ekki síst brautryðjandi reynslu af því að beita lággjaldamódelinu á lengri flugleiðum?

Það eru tvímælalaust tækifæri víða í heiminum til að gera betur án viðkomu á Íslandi. Það er ekki að fara að gerast núna í ár enda eigum við fullt í fangi við að sinna stækkunaráformum okkar hérlendis eins og er, en við munum hins vegar brátt bæta Asíu við leiðakerfið okkar. Á næsta ári fáum við afhentar fjórar glænýjar Airbus A330neo vélar sem geta flogið í rúmlega tólf tíma og það er ljóst að við þurfum að finna eitthvað fyrir þær að gera og nýta langdrægni þeirra. Ég er ekki enn tilbúinn að ljóstra upp um hvaða staða við erum þar að horfa til en þar er um að ræða flug til fjarlægari landa en við höfum fram til þessa verið að fljúga til.“

*Þannig að WOW air mun hefja beint flug til Asíu á næsta ári – spurningin er aðeins hvaða staðir þar verða fyrir valinu?* „Já, það er rétt. Við erum enn að gera þær stúdíur en ég er sannfærður um að það skref eigi eftir að efla félagið. Ég tel ekki að þetta feli í sér aukna rekstraráhættu heldur þvert á móti dragi úr henni þar sem leiðakerfið verður stærra og fjölbreyttara fyrir vikið og býður upp á mun fleiri samsetningar af farþegum. Við vorum í raun brothættastir til að byrja með þegar við buðum upp á fáa áfangastaði þar sem hver staður skipti þá félagið gríðarmiklu máli.“

*Flug til Asíu er því nauðsynlegt fyrir ykkur til að lifa af vaxandi samkeppni í flugi yfir hafið?* „Að mörgu leyti er það rétt. Við erum núna að sjá mikla aukningu í framboði af slíku flugi frá Norwegian og fleirum. Jetblue er líka búið að gefa út að félagið hyggist hefja beint flug frá New York og Boston árið 2019 inn á helstu borgir í Evrópu. Það er ljóst að ef farþegar hafa möguleika á að fljúga beint yfir hafið í nýjum þotum, af hverju í ósköpunum ættu þeir þá að stoppa á Íslandi? Það mun enginn gera það.

Þetta er því ekki spurning um hvort það muni hægja eitthvað á flugtraffíkinni heldur mun hún færast til og þá verðum við að vera reiðubúin til að finna aðrar leiðir til að búa til þær tengingar. Og við teljum að flug til Asíu geti fyllt það skarð.“

## Vantar skilning í stjórnsýslunni

*Þegar talið berst að samkeppni í flugi þá hefur þú lítið viljað beina sjónum þínum að Icelandair heldur fremur Norwegian air. Af hverju?* „Icelandair og ekki síst Loftleiðir voru brautryðjendur á sínum tíma sem margt má læra af. Í dag erum við á allt öðrum stað og eigum lítt skylt við þá og eyðum því litlum tíma í að velta fyrir



# Fólk
## Viðburðir

MIÐVIKUDAGUR 7. JÚNÍ 2017



Guðrún Árný Karlsdóttir er gestgjafi á Open Mic-kvöldi KÍTON á Café Rosenberg í kvöld. Bæði þekktar og óþekktar tónlistarkonur í KÍTON troða upp á Open Mic-kvöldum.

viðburðir →4






# Mikil gróska í Breiðholti

Menningarhátíðin Breiðholt Festival verður haldin í þriðja sinn á sunnudag. Þar verður mikið um tónlistarviðburði í bland við fatahönnun, dans og leiklist. Boðið verður upp á úti- og matarmarkað og eru íbúar hverfisins hvattir til að koma og kynnast nágrönnunum. →2



Hátíðarhöldin fara fram í Seljadal og þá aðallega við Skúlptúrgarð Hallsteins Sigurðssonar í Ystaseli 37, sem er á bak við Ölduselsskóla. Aðrir hátíðarstaðir eru Ölduselslaug, Gróðurhúsið hljóðver og Seljakirkja. Fjöldi fólks stendur að baki hátíðinni. Valgeir er hér lengst til hægri. MYNDIR/ERNIR

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Breiðholt Festival er menningarhátíð sem gerir listamönnum sem tengjast Breiðholti og þeirri listsköpun sem þar fer fram hátt undir höfði. Hún verður haldin sunnudaginn 11. júní næstkomandi, í þriðja sinn. Hátíðarhöldin fara fram í Seljadal og þá aðallega við Skúlptúrgarð Hallsteins Sigurðssonar í Ystaseli 37, sem er á bak við Ölduselsskóla. Aðrir hátíðarstaðir eru Ölduselslaug, Gróðurhúsið hljóðver og Seljakirkja.

Hugmyndin að hátíðinni kviknaði hjá hjónunum Valgeiri Sigurðssyni tónlistarmanni og Sigríði Sunnu Reynisdóttur leikhúslistakonu en þau reka hljóðverið Gróðurhúsið og útgáfufyrirtækið Bedroom Comunity sem hvort tveggja er starfrækt í Breiðholti. Þau hafa síðan fengið til liðs við sig fjölda annarra sem standa að baki hátíðinni.

Aðspurður segir Valgeir listamennina sem koma fram á hátíðinni tengjast Breiðholti með einum eða öðrum hætti. „Þetta er ýmist fólk sem býr eða hefur búið í hverfinu, hefur unnið hér eða á ljósar og óljósar tengingar við hverfið.“ Hann segir hugmyndina að leyfa fólki að kynnast því sem er að gerast og gerjast í hverfinu. „Markmiðið er ekki síður að fá fólk til að koma út úr húsunum sínum því þó hér búi margt fólk vantar kaffihús og aðra samkomustaði. Þetta er okkar viðleitni til að bæta úr því.“

Hátíðin í ár er að hluta helguð Gróðurhúsinu en það á tuttugu ára starfsafmæli í ár. Hluti listamannanna sem koma fram hafa tekið upp í hljóðverinu. Má þar nefna Óskarsverðlaunahafann Markétu Irglovu sem hlaut Óskarinn fyrir lagið Falling Slowly í myndinni Once árið 2008. Það sama á við um hljómsveitina aYia. Aðrir sem stíga á svið eru Sóley, Ólöf Arndalds, Batucada, RuGl og Marteinn Sindri svo dæmi séu nefnd. Þá verður einleikurinn Hún pabbi, sem var sýndur í Borgarleikhúsinu í vetur, settur á svið auk þess sem boðið verður upp á tískureif, dansnámskeið, samflot í vatni og ýmislegt fleira.

„Þá ætlum við að vera með úti- og matarmarkað til að fagna fjölmenningunni í hverfinu og geta gestir smakkað á réttum frá hinum ýmsu þjóðlöndum en íbúar hverfisins eru eins og flestir vita frá öllum heimshornum,“ segir Valgeir.

Hann segir hátíðina fyrir alla fjölskylduna. „Hún var haldin á sunnudegi í fyrra og ætlum við að gera slíkt hið sama í ár. Það verður myndlistarsmiðja fyrir börn í tengslum við innsetningu Ninnu Þórarinsdóttur Safn ímyndunar og furðuhluta og við hvetjum fólk til að hafa með sér sundföt og njóta fjölbreyttra viðburða í Ölduselslaug.“

Að sögn Valgeirs tekur einungis nokkrar mínútur að ganga á milli staða á hátíðarsvæðinu. Allt eftir göngustígum og fjarri bílaumferð. „Þetta er gróið svæði sem kemur fólki alltaf jafn mikið á óvart og er um að gera að nýta betur.“

Hann hvetur Breiðholtsbúa til að koma og hitta nágrannana en segir hátíðina þó ekki síður sótta af erlendum gestum og af fólki neðan úr bæ og að allir séu velkomnir.

Hátíðin hefst klukkan 13 og stendur til 19. Aðgangur er ókeypis en það þarf að skrá sig sérstaklega á nokkra viðburði. Allar nánari upplýsingar er að finna á breidholtfestival.com og á Facebook undir breidholtfestival.

Menntaskólinn í Kópavogi - #mklífið

Þekking - Þroski - Þróun - Þátttaka

Hjartað slær í MK

STÚDENTSNÁM:
- Alþjóðabraut
- Félagsgreinabraut
- Raungreinabraut
- Viðskiptabraut
- Opin braut
- Framhaldsskólabraut

GRUNNDEILD MATVÆLA OG FERÐAGREINA:
- Bakari
- Framreiðslumaður (þjónn)
- Kjötiðnaðarmaður
- Matreiðslumaður (kokkur)
  eða starfa í ferðaþjónustu

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS OG Á FACEBOOK SÍÐU SKÓLANS

Sími: 594 4000



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN

# LA MER dagar í Lyfjum & heilsu Kringlunni dagana 7. og 8. júní.




Allar farðavörur frá La Mer á 15% afslætti og glæsilegur kaupauki* fylgir. Sérfræðingur frá La Mer verður í versluninni og veitir ráðgjöf.

*á meðan birgðir endast













Guðrún Árný Karlsdóttir hefur í nógu að snúast við barnauppeldi, söng og tónmenntakennslu. Hún er gestgjafi á Open Mic-kvöldi KÍTON á Café Rósenberg í kvöld. MYND/ANTON BRINK

# Einstök stemning

## Konur í tónlist hittast, syngja og gera tónlistartilraunir á Open Mic-kvöldum KÍTON.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Að hlusta og horfa á aðrar konur í tónlist fyllir mann innblæstri og sköpunarkrafti," segir söngkonan og tónmenntakennarinn Guðrún Árný Karlsdóttir sem er gestgjafi á Open Mic-kvöldi KÍTON á Café Rosenberg í kvöld. Bæði þekktar og óþekktar tónlistarkonur troða upp á Open Mic-kvöldum, félagar í KÍTON, félagi kvenna í tónlist.

„Á Open Mic gefst konum tækifæri til að koma fram, frumflytja efni, útsetningar, texta eða gera tilraunir þvert á allar tónlistarstefnur, um leið og þær tengjast öðrum tónlistarkonum. Viðtökurnar hafa alltaf verið æðislegar og stemningin er einstök," segir Guðrún Árný.

Á hverju Open Mic-kvöldi eru gjarnan fimm mismunandi atriði þar sem hver og ein tónlistarkona leikur tvö til þrjú lög.

„Þetta er kærkomið tækifæri til að koma með eigið efni til flutnings en líka til að brjóta upp daginn og flytja sín eftirlætis tökulög. Sjálf syng ég mikið í brúðkaupum og afmælum, oftast nær óskalög annarra, en á Open Mic get ég sungið mín eigin óskalög. Þar má vissulega sjá söngkonur sýna á sér nýjar hliðar en líka að njóta þess til hins ítrasta að flytja lagið sem þær eru einmitt þekktastar fyrir."

KÍTON stendur fyrir konur í tónlist og er tilgangur félagsins að skapa jákvæða umræðu, samstöðu og starfsvettvang á meðal kvenna í tónlist. Guðrún Árný segir félagið fyrir allar konur sem vilja lifa og hrærast í tónlist.

„Margar ungar konur, sem hafa áhuga á að starfa við tónlist, hafa skráð sig í félagið og fyrr en varir eru þær komnar á fullt skrið. Það er gaman að fylgjast með kröftugri framvindu þeirra, hvort sem það er á Open Mic eða heimasíðu félagsins þar sem maður getur séð þær blómstra og vinna fullt af litlum sigrum, eins og að komast í spilun í útvarpi og fleira gagnlegt."

> Á Open Mic gefst konum tækifæri til að koma fram, frumflytja efni, útsetningar, texta eða gera tilraunir þvert á allar tónlistarstefnur, um leið og þær tengjast öðrum tónlistarkonum.

### Dýrmætir reynsluboltar

Open Mic-kvöldið er opið fyrir gesti og gangandi og öllum velkomið að fylgjast með. Mælt er með skráningu þátttakenda fyrirfram en það er líka hægt að mæta á staðinn og skrá sig til leiks. Dagskrá kvöldsins er því aldrei auglýst fyrirfram heldur kemur ætíð á óvart.

„Það er alveg sama í hvaða fagi maður starfar; það er alltaf dýrmætt að fá að hitta reynsluboltana sem segja manni sögur af því sem gekk illa eða er erfitt við bransann. Þá veistu að þú ert ekki ein í heiminum með þínar upplifanir, eins og að komast ekki að í útvarpinu eða fara klukkutíma of seint upp á svið af því allir hinir voru of seinir. Maður er ekkert minna mikilvægur fyrir vikið; þessu hafa allir lent í og það koma alltaf önnur tækifæri," segir Guðrún Árný.

Hún bætir við að líf tónlistarkvenna sé í engu öðruvísi en annarra. Alltaf megi eiga von á að eitthvað óvænt gerist.

„Söngkonuvandamál númer eitt er kvef en söngröddin er líffræðilegt hljóðfæri sem er ekki hægt að gera kröfu um að sé alltaf í fullkomnu standi. Þegar ég var ung að byrja í bransanum fékk ég í magann ef röddin var ekki fullkomin og hafði áhyggjur af því að fólk fengi ekki sitt fyrir peninginn sem það borgaði mér fyrir sönginn. Með aldrinum gerði ég mér grein fyrir að hin fimmtíu prósentin af mér voru í fínu standi. Þá söng ég bara aðeins lægra og meira á tilfinningunni og útkoman varð ekkert síðri."

### Strembið og erfitt umhverfi

Allar kynslóðir íslenskra tónlistarkvenna eru einstaklega hæfileikaríkar og skapandi, segir Guðrún Árný, og að nýr veruleiki blasi við ungum tónlistarkonum.

„Heimur ungra tónlistarkvenna hefur gjörbreyst með tilkomu samfélagsmiðla og margar hafa sjálfmenntað sig í hljóðfæraleik í gegnum aðgengilegt efni á YouTube. Nú er hægt að gera allt strax og ekki lengur þörf á að bíða eftir því að röðin komi að manni í tónlistarskólanum. Möguleikarnir eru meiri en að sama skapi er þetta strembið og erfitt umhverfi. Fái efnið ekki nógu mörg læk strax er hætt við að tónlistamaðurinn telji efnið sitt vonlaust og missi kjarkinn. Þetta hef ég upplifað í gegnum nemendur mína sem tónmenntakennari."

Guðrún Árný hvetur konur í tónlist til að koma saman á kvöldi sem þessu enda alltaf skemmtilegt.

„Við notum tækifærið og hittumst og kynnumst betur því það er svo mikill kraftur í því fólginn. Oft spjöllum við saman á undan og sitjum líka lengur á eftir," segir Guðrún Árný sem er að drukkna í verkefnum þessa dagana, spilar virka daga á Grand Hóteli Reykjavík og í brúðkaupum og í Græna herberginu um helgar, ásamt því að sinna börnum og búi heima.

„Ég hef sjálf upplifað drifkraftinn sem fylgir í kjölfar Open Mic-kvöldanna því maður gefur sér ekki alltaf tíma til að sinna eigin tónlistarsköpun vegna annríkis. Síðast fór ég bara til að hlusta og endaði með að bralla í stúdíóinu í marga daga á eftir. Maður er manns gaman og þótt við þekkjumst öll voða vel á samfélagsmiðlum höfum við ekki alltaf hist í raunveruleikanum. Það er alltaf best að hittast augliti til auglitis; tala saman, hlæja og upplifa lífið og sköpunina saman."

Open Mic-kvöld KÍTON eru haldin fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði og hefst klukkan 20.30 á Café Rosenberg í kvöld. Hægt er að skrá sig á kiton@kiton.is eða senda Guðrúnu Árnýju tölvupóst á gudrunarny@gmail.com.


Stærðir
36-56
GLÆNÝ SENDING!
Full verslun af nýjum vörum í öllum stærðum á frábæru verði
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL
5.990kr
st.S-XXXL
TÚNIKA
6.990kr
st.38-52
TÚNIKA
5.990kr
st.38-50
TÚNIKA
5.990kr
st.38-50
KJÓLL
6.990kr
st.S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st.S-XXXL
BLÚSSA
6.990kr
st.38-56
BOLUR
4.990kr
st.38-50
KJÓLL
7.990kr
st.S-XXXL
LEGGINGS
5.990kr
st.S-XXXL
Skór
4.990,-
st. 36-41
Ótrúlega léttir og þægilegir!
Skór
4.990,-
st. 36-41
Skór
4.990,-
st. 36-41
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Úr húsasmíði í myndlist

## Smiðurinn Kristján Finnsson, sem er 74 ára, opnar sína allra fyrstu myndlistarsýningu í veitingaskálanum í Munaðarnesi laugardaginn 10. júní.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Kristján er menntaður húsa- og húsgagnasmiður en hefur haft áhuga á myndlist frá unga aldri. Þrátt fyrir annríki á vinnumarkaðnum gaf hann sér tíma til að sækja námskeið í listmálun. „Árið 1974 fór ég á námskeið hjá Sigfúsi Halldórssyni tónskáldi og steig þar mín fyrstu spor. Síðan var ég að gutla við þetta næstu ár," segir Kristján sem lagði þó pensilinn frá sér í heilan áratug þangað til áhuginn vaknaði að nýju á tíunda áratugnum. Þá sótti hann nám í Myndlistaskóla Kópavogs og síðan Myndlistaskólann í Reykjavík. „Fyrir nokkrum árum kynntist ég Þuríði Sigurðardóttur, söngkonu og myndlistarkonu, á helgarnámskeiði. Í framhaldinu spurði ég hana hvort hún tæki fólk í einkatíma og þá kom í ljós að hún var með nokkra nemendur í einu á vinnustofu sinni og þar hef ég verið undir hennar verndarvæng síðustu ár," segir Kristján glettinn.

Hvað er það sem myndlistin gefur honum? „Ég hef yndi af því að skapa, er mikið í handverki, tréverki og slíku. Þá er ég lítill sjónvarpsmaður og finn mér eitthvað að dunda í staðinn," svarar Kristján sem segist hafa fengið heilmikla útrás fyrir sköpun í starfi sínu sem smiður. „Ég var töluvert í því að kaupa gamlar





íbúðir og hús og gera upp," segir Kristján sem varð 74 ára í síðustu viku og hætti að vinna sem smiður fyrir nokkrum árum.

Þuríður hvatti hann til að halda sýningu á verkum sínum og taldi hann hafa alla burði til þess. „Ég er nú hálf feiminn við þetta allt saman," segir Kristján sem telur sér þó hafa



farið mikið fram undanfarið. „Ég hef núna fundið minn farveg í þessu," segir hann en inntur eftir innblæstri segir hann myndefnið vera eitthvað sem komi bara í hausinn á honum.

Í umsögn Þuríðar um verk Kristjáns segir meðal annars: „Sá heimur sem birtist í málverkum Kristjáns er huglægur og byggir á minningabrotum sem hafa orðið að leiðarstefi við gerð verkanna. Áhugamálin og jafnvel heimsfréttir koma við sögu þar sem flæði hugmynda og efnis renna saman. Óhlutbundin áferð í nokkrum verkanna myndar ófyrirséðar umbreytingar á vinnslustigi þar sem áræði og leikgleði listmálarans tónar með litum og efni þar til niðurstaða fæst. Verkin á sýningunni eiga sér forsögu í litlum blýantsteikningum og/eða skyssum, sem Kristján síðan útfærir í olíumálverk."

Sýning Kristjáns verður opnuð í veitingaskála BSRB í Munaðarnesi laugardaginn 10. júní og verður opin fram á sumar.



Kristján hefur alla tíð haft áhuga á myndlist en hefur tekið áhugamálið föstum tökum síðustu ár. MYND/EYÞÓR




OPNUNARTILBOÐ
20% AFSLÁTTUR
AF YFIRHÖFNUM



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

BASLER MaxMara BRAX

okkur hvað þeir eru að gera þessa dagana. Helsta ógnin við WOW air og ferðaþjónustuna í heild sinni á Íslandi er stóraukið beint flug milli Norður-Ameríku og Evrópu á mjög hagstæðu verði. Þessi þróun mun halda áfram að aukast og setja pressu á ýmsa staði sem við og Icelandair erum að fljúga á í dag. Norwegian er einna „grimmast“ í þessu og Bjørn Kjos hefur gert margt mjög gott sem hægt er að læra af.

Okkar mótspil við samkeppni yfir Atlantshafið er að bæta Asíu inn í leiðakerfið og gera það enn fjölbreytilegra og sveigjanlegra. Það vantar grundvallarskilning á þessari ógn innan stjórnsýslunar sem einblínir nær alfarið á komu ferðamanna í stað þess að skoða tækifærin sem eru fólgin í því að búa til fyrirmyndar alþjóðlegan tengiflugvöll sem þar með getur tryggt stöðugleikann í ferðamannastraumnum til og frá Íslandi og komið í veg fyrir skyndilegt hrun sökum þess að einn markaður bregðist.

Ef við bregðumst ekki við þessu beina flugi yfir hafið þá er hætt við því að loka yrði á fjöldann allan af áfangastöðum frá Íslandi á næstu árum með skelfilegum afleiðingum fyrir ferðaþjónustuna og þar með hagkerfið í heild sinni á Íslandi.“

**Vill aðkomu einkaaðila**

*Væri æskilegt að einkaaðilar kæmu að stækkun Keflavíkurvallar, eins og sumir hafa lagt til, með því að ríkið selji eitthvað af eignarhlut sínum?* „Ég held að það væri jákvætt og eitthvað sem ég er mjög hlynntur að gerist. Með því er ég ekki að segja að Isavia hafi verið að standa sig illa en með því að fá að alþjóðlega fjárfesta í hluthafahópinn, sem hafa reynslu og þekkingu af rekstri flugvalla, þá væri það af hinu góða.

## Stöðugur straumur af erlendum fjárfestum

Skúli hefur verið eini hluthafi WOW air allt frá stofnun og jafnframt verið forstjóri félagsins frá því haustið 2012. Hann segir aðspurður að það gæti vel komið til greina á komandi árum að hann stígi úr stóli forstjóra og eftirláti einhverjum öðrum daglegan rekstur flugfélagsins.

„Ég lít svo á að WOW air sé enn þá rétt að byrja. Þannig að á meðan ég hef jafn gaman af þessu og raun ber vitni og við erum að opna mikið af nýjum flugleiðum, eins og með Asíuflugi, bæta við mjög miklu af tækninýjungum og lausnum gagnvart farþegum okkar þá er ég ekki að hugsa um neitt slíkt.

Ef ég horfi til þess að við erum komin með 1.100 starfsmenn, og þeir verða um 2.000 áður en langt um líður, þá er það að sinna daglegum rekstri fyrirtækisins af þeirri stærðargráðu ekki endilega mín sterkasta hlið enda gæti ég það ekki í dag nema með aðstoð mjög öflugs framkvæmdastjórateymis sem starfar sjálfstætt og ég treysti 100 prósent.

Í framtíðinni gæti ég hins vegar alveg séð fyrir mér að fá einhvern til liðs við félagið til að stýra daglegum rekstri og ég gæti þar með einbeitt mér að stefnumótandi verkefnum eins og til dæmis nýjum erlendum starfsstöðvum félagsins.“

*Kæmi til greina að fá aðra fjárfesta inn í hluthafahópinn til að styðja við vöxt WOW air?* „Þetta er orðið það stórt fyrirtæki að þrátt fyrir að vera að skila mjög góðri arðsemi er fjárþörfin sem þarf til að halda áfram að vaxa um kannski tíu flugvélar á ári með þeim hætti að það krefst gríðarlegra fjármuna og ábyrgða. Ef við ætlum að halda áfram á þeirri braut þá munum við þurfa aukið hlutafé eða að fá strategíska fjárfesta að félaginu. Þetta á sérstaklega við ef við ætlum að hefja starfsemi og fá flugrekstrarleyfi í öðrum löndum óháð Íslandi. Þetta er samt ekkert sem er á döfinni strax á þessu ári.“

*Hefurðu fengið mikið af tilboðum í félagið?* „Ekki í allt félagið en það er stöðugur straumur þessa dagana af erlendum fjárfestum sem vilja koma að félaginu. Við finnum einnig fyrir ört vaxandi áhuga innlendra fjárfesta sem er ánægjulegt.“

*Tilboð sem hafa verið þannig að þú hefur staldrað við og hugsað um að samþykkja?* „Nei, aldrei. Ekki vegna þess að ég sé með einhverja tölu í huga heldur finnst mér þetta ennþá svo skemmtilegt að það er ekki inni í myndinni að fara að sleppa hendinni af félaginu og hætta á þessum tímapunkti.

Þótt við værum með aðra hluthafa sem ættu einungis fimm eða tíu prósent í félaginu þá myndi eðli fyrirtækisins breytast við það eitt af því að þú værir kominn með aðrar skyldur.

Í dag get ég leyft mér að taka ákvarðanir, sem annaðhvort hafa í för með sér einhverjar nýjungar eða meiri áhættu, sem yrðu kannski ekki samþykktar hjá skráðu félagi eða myndu krefjast mun meiri umræðu. Í dag get ég sest niður með lykilstjórnendum og rætt málið í hálftíma og síðan er kýlt á það á meðan skráð félag myndi kannski ár til að komast að sömu niðurstöðu.“

# 500

**milljónir dala eru áætlaðar tekjur WOW air á þessu ári.**

Það er orðið aðkallandi að við komum fram með einhverja sýn á það hvernig við ætlum að byggja upp völlinn í Keflavík. Mér finnst það til dæmis galin hugmynd, eins og á meðan líður tíminn án þess að nauðsynlegar ákvarðanir séu teknar. Isavia hefur reynt í millitíðinni að lappa upp á núverandi ástand með ýmsum viðgerðum eftir bestu getu en það er alveg ljóst að flugvöllurinn er löngu sprunginn.

Þetta er týpísk íslensk umræða og á meðan líður tíminn án þess að nauðsynlegar ákvarðanir séu teknar.

Við hjá WOW air sjáum fram á að geta vaxið í samræmi við okkar áætlanir 2018 og 2019 en síðan verður völlurinn endanlega sprunginn og ekki hægt að koma á nýjum tengingum til og frá landinu næstu árin þar á eftir. Þar með versnar samkeppnisstaða okkar til muna við erlendu flugfélögin sem munu á meðan halda áfram að efla sín leiðakerfi beint yfir hafið og tekjumissirinn fyrir þjóðarbúið þegar sá tími kemur hleypur á hundruðum milljarða.“

**Ekki unnið heimavinnuna**

*Stjórnvöld hafa boðað hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu sem er meðal annars liður í því að stemma stigu við þessum mikla vexti og þar af leiðandi gengisstyrkingu krónunnar. Er það ekki bara jákvætt?* „Mér finnst þessi umræða vera á villigötum og myndi miklu frekar vilja sjá markvissa umræðu um hvernig við getum dreift álaginu betur á helstu ferðamannasvæðin svo og ferðamannastraumnum heilt yfir.

Það gleymist reyndar oft að hrósa þeim sem vinna í ferðaþjónustunni fyrir hversu vel hún hefur staðið sig nú þegar í að byggja upp afþreyingu, gistiaðstöðu og núna er sérstaklega gaman að sjá hversu mikil uppbygging og nýsköpun er að eiga sér stað úti á landi en það er ljóst að það er síður en svo of mikið af ferðamönnum víðast hvar úti á landi ef þú talar við heimamenn.

Hvað varðar aðgangsstýringu þá held ég aftur á móti að þessi virðisaukaskattshækkun muni engu breyta ef það er tilgangurinn. Það er undarlegt að við séum að ræða um slíkt núna þegar við gætum hæglega verið að taka á móti 4 milljónum ferðamanna ef við hefðum verið búin að vinna heimavinnuna okkar. Gera viðskiptaáætlun um hvað það myndi þýða fyrir ríkissjóð og hagkerfið í heild sinni að taka á móti slíkum fjölda ferðamanna og þora að horfa nokkur ár fram í tímann þar sem ekki er gert ráð fyrir því að þeir séu að fara að haga sér eins og síldin sem lét sig hverfa frá Íslandsströndum. Ferðamenn eru ekki að fara að hætta að koma til Íslands.

Ef tilgangurinn er að afla aukinna tekna fyrir ríkissjóð og einfalda skattkerfið þá er það eitthvað sem ég get verið sammála um enda þykir mér sjálfsagt að ferðaþjónustan skili sínu í ríkissjóð. Að sama skapi verðum við líka að gera þá kröfu að þeir fjármunir fari jafnframt í fjárfestingu í atvinnugreininni þannig að hún grotni ekki niður. Þetta þarf að hanga saman.“


VIÐ PRENTUM



Fjölpóstur • Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Kynningarefni Dagblöð • Stafræn prentun • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

## Skotsilfur

### Of stór biti



Stjórnendur Silicor Materials tilkynntu um helgina að þeir væru enn og aftur búnir að fresta framkvæmdum við sólarkísilver bandaríska fyrirtækisins á Grundartanga. Ástæðan er sú að illa hefur gengið að fjármagna 100 milljarða króna verksmiðjuna. Fréttablaðið greindi í síðasta mánuði frá því að samningur um raforku frá Orku náttúrunnar væri runninn út og Faxaflóahafnir höfðu gefið fyrirtækinu lokafrest til september áður en lóðasamningar, sem voru undirritaðir fyrir tveimur árum, tækju gildi. **Terry Jester,** stjórnarformaður Silicor Materials, er aftur á móti viss um að verksmiðjan muni rísa en að það verði dregið úr umfangi verkefnisins. Það er því aftur komið á byrjunarreit enda stjórnendurnir búnir að átta sig á að betra hefði verið að ráðast í slíka risafjárfestingu í nokkrum áföngum.

### Á lokametrum



Starfshópur fjármálaráðherra, sem hefur unnið að því síðustu mánuði að skoða erlenda löggjöf um aðskilnað eða takmörkun á viðskipta- eða fjárfestingarbankastarfsemi, leggur nú lokahönd á skýrslu sína og mun skila henni til ráðherra í lok vikunnar. Gert er ráð fyrir því að **Benedikt Jóhannesson** muni kynna niðurstöður hennar á blaðamannafundi næstkomandi mánudag en ráðherra hyggst í kjölfarið leggja skýrsluna fram á Alþingi.

# Snýst 90% um trúverðugleika



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur



Lars segir að það eigi ekki að koma á óvart að trúverðugleiki Seðlabanka Íslands sé lítill. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verðbólga er, eins og Milton Friedman sagði, peningalegt fyrirbæri. Með öðrum orðum: ef prentaðir eru peningar umfram eftirspurn verður verðbólga. En það snýst ekki bara um peningamagnið sem seðlabanki (og viðskiptabankar) skapa á hverjum tíma heldur einnig um væntingar um peningasköpun í framtíðinni.

Til að skilja þetta skulum við ímynda okkur að Seðlabankinn tilkynni í dag að eftir tólf mánuði muni hann hafa tvöfaldað peningamagn í umferð í íslenska hagkerfinu. Hvað myndi gerast? Neytendur, verkalýðsfélög, vinnuveitendur og fjárfestar myndu auðvitað bregðast við þegar í stað. Þeir myndu ekki bíða eftir að verðlag hækkaði. Verkalýðsfélög myndu krefjast hærri launa strax, fjárfestar myndu selja íslenskar krónur, verslanir myndu hækka verð o.s.frv. Þannig myndi verðbólgan byrja að aukast strax í dag. Þetta sýnir hve mikilvægar verðbólguvæntingar eru við ákvörðun vaxta. Þetta sýnir líka hve mikilvægur trúverðugleiki seðlabanka er.

Ímyndum okkur aðrar aðstæður þar sem seðlabanki hefur 2,5 prósenta verðbólgumarkmið (eins og Seðlabanki Íslands). Einhverra hluta vegna eykst peningaframboð hraðar en samræmist þessu verðbólgumarkmiði. Hvað myndi gerast? Í einfaldri útgáfu myndi verðbólgan fara upp fyrir 2,5 prósent. En það myndi hins vegar ekki gerast ef verðbólgumarkmið seðlabankans væri trúverðugt.

> **Seðlabankinn er næstum alltaf undir gríðarlegum pólitískum og almennum þrýstingi um að slaka á peningamálastefnunni.**

Með öðrum orðum: ef allir aðilar efnahagskerfisins búast við því að seðlabankinn stilli alltaf peningaframboðið þannig að verðbólgan komi alltaf aftur að 2,5 prósenta verðbólgumarkmiðinu munu þeir einnig vænta þess að seðlabankinn muni í framtíðinni stilla peningaframboðið til að tryggja að verðbólgumarkmiðið náist. Ef þetta er tilfellið verður þess þar af leiðandi alltaf vænst að verðbólgan verði aftur 2,5 prósent. Það þýðir ekki að verðbólgan verði alltaf við markmiðið en hún mun hafa sterka tilhneigingu til að að ná sjálfkrafa markmiðinu á ný.

En hvað um Ísland? Ísland hefur haft verðbólgumarkmið síðan í mars 2001. En ef við lítum á sögulega frammistöðu Seðlabankans þá hefur hann næstum alltaf farið upp fyrir verðbólgumarkmið sitt. Síðan 2002 hefur verðbólgan í raun verið að meðaltali næstum þremur prósentustigum yfir markmiðinu. Við hverju er þá skynsamlegast að búast? Myndi maður vænta þess að Seðlabankinn stæði við markmiðið eða fara yfir það eða undir í framtíðinni? Ef við lítum á íslensku stýrivextina fáum við svarið – markaðir hafa næstum alltaf búist við því að Seðlabankinn fari yfir markmiðið.

Og af hverju er það? Lykilástæðan er að Seðlabankinn er næstum alltaf undir gríðarlegum pólitískum og almennum þrýstingi um að slaka á peningamálastefnunni – sama hversu mikill hagvöxturinn er og sama hversu miklar launahækkanir eru. Það er einfaldlega sterk verðbólgutilhneiging í íslenska hagkerfinu. Og þetta er auðvitað ástæðan fyrir því að vextir eru svona háir á Íslandi miðað við annars staðar í Evrópu.

Auk þess næst trúverðugleiki aðeins ef maður stendur við loforð sín, og þar sem Seðlabanki Íslands hefur í sögulegu samhengi ekki staðið við sitt kemur það varla á óvart að trúverðugleiki hans sé lítill. Hins vegar gerir þetta starf Seðlabankans miklu erfiðara. Því ef hann væri mjög trúverðugur þyrfti hann aldrei að hækka stýrivexti mikið til að berjast við verðbólguna því allir myndu vænta þess að hann stæði við markmið sitt.


Fasteignamiðlun
Atvinnueign
Síðumúli 13 - 108 Reykjavík - s: 577 5500 - www.atvinnueign.is

Halldór Már Sverrisson
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
898 5599
halldor@atvinnueign.is



Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði út á Granda






Húsnæðið er samtals 2.415 fm á þrem hæðum, hver hæð ca. 800 m2. Húsnæðið er í byggingarferli og verður hið glæsilegasta. Miðað er við að afhenta húsnæðið í byrjun apríl 2018. Í dag er gert ráð fyrir skrifstofugörðum með 57 skrifstofum með þrem fundarherbergjum á hverri hæð auk eldhús, salernis og geymslu. Um 60 bílastæði fylgja húsinu. Einnig er hægt er að breyta húsnæðinu að óskum leigutaka og leigja hverja hæð fyrir sig.

**Uppl. veitir Halldór Már fasteignasali gsm: 898 5599**


# Varúð: Kona undir stýri!



**Hin hliðin**
**Rakel Sveinsdóttir,**
formaður FKA

Fyrir skömmu var hópur íslamskra ferðamanna sóttur í Leifsstöð. Allt voru ferðalangarnir karlmenn. Hópurinn var sóttur á flugvöllinn og keyrður í Bláa lónið. Eftir þá sundferð var keyrt til Reykjavíkur þar sem rútubílstjórinn skilaði farþegunum heilu og höldnu á hótel. En þá kom babb í bátinn. Þótt ekkert hefði verið að ökulagi rútubílstjórans gátu ferðalangarnir umræddu ekki lengur við unað. Hvers vegna? Jú, rútubílstjórinn var kona! Fararstjóri umrædds hóps sá sig því knúinn til að hafa samband við erlendu ferðaskrifstofuna sem hafði selt þeim ferðina. Úr varð að hópurinn fékk nýjan rútubílstjóra: Karlmann!

Hafandi verið í rekstri eins og aðrar FKA-konur hafa flestar, ætla ég ekki að segja að ég skilji ekki viðbrögðin. Þjónustuaðilar eiga það einmitt flestir eitt sameiginlegt og það er að viðskiptavinurinn er sá sem hefur rétt fyrir sér. Sem sölu- og þjónustuaðili í gegnum tíðina kannast ég því við mörg tilvikin þar sem bregðast þarf við athugasemdum viðskiptavina eins fljótt og vel og auðið er. En hérna þurfum við aðeins að staldra við. Þannig gildir það fyrir ferðamenn að hér ríkja ákveðnar reglur og menning sem þeir eru að sækja heim. Erlendir ferðamenn eru líka að sækja heim stolta þjóð. Hluti af þessu stolti er að segja frá því og sýna í verki hvar við stöndum í jafnréttismálum. Þannig hafa íslenskar konur löngum verið mjög virkar á vinnumarkaði. Þúsundir íslenskra kvenna standa líka fyrir sínum eigin rekstri og atvinnusköpun um land allt og í öllum atvinnugreinum.

> **Þannig gildir það fyrir ferðamenn að hér gilda ákveðnar reglur og menning sem þeir eru að sækja heim.**

Þá höfum við sýnt fordæmi í ýmsu. Ég nefni sérstaklega kynjakvótalögin 2013 og Jafnlaunavottunina sem Alþingi samþykkti á dögunum. Allt eru þetta atriði sem endurspegla það hver við erum og fyrir hvað við stöndum. Í þessu tilviki tel ég því að við hefðum hreinlega átt að segja „nei“ við viðskiptavininn. Skýra það frekar út fyrir hópnum hvernig menning okkar er. Benda þeim á að út ferðina yrði hópurinn þjónustaður af bæði konum og körlum. Hvar sem er og hvenær sem er. Sem auðvitað þýðir að við konurnar keyrum líka rútur!


BRENNSLAN
ALLA VIRKA DAGA KL. 07-10
FM957
Topp tónlistarstöðin
FM957
FM957

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 7. júní 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Krónan ræður

**Mikið hefur verið rætt** og ritað um komu Costco. Margir virðast á því að Costco sýni fram á í eitt skipti fyrir öll að íslenskir kaupmenn hafi nánast frá landnámi okrað á sauðsvörtum almúganum sem ekki fái rönd við reist. Vissulega er það svo að Costco býður upp á frábært vöruúrval og verðið er oft, en þó ekki alltaf, hagstæðara en hjá þeim sem fyrir eru á markaðnum. Gleymum því þó ekki að Costco er heildsöluverslun, á meðan þær verslanir sem fyrir eru á markaðnum eru smásöluverslanir.

**Verðlagning Costco** verður því að skilja eftir pláss svo smásöluverslanir, veitingahús eða aðrir geti fengið sitt. Af sömu ástæðu eru pakkningar hjá Costco stærri en gengur og gerist. Hugsunin er sú að keypt sé í miklu magni. Slíkt getur verið óhentugt fyrir einstaklinga og leitt til sóunar á mat og öðru. Það hentar því ekki alltaf og við öll tilefni. Við þetta má svo bæta að Costco er alþjóðlegur verslunarrisi. Kjör þeirra í innkaupum eru að sama skapi þeim mun betri en hjá jafnvel stærstu innlendu aðilum. Þeir geta komist upp með lægri verðlagningu og bætt það upp með því geigvænlega magni sem þeir selja víðsvegar um veröldina. Íslenskir kaupmenn vinna á mun smærra markaðssvæði, og þurfa einfaldlega hærri álagningu til að standa undir grunnkostnaði.

**Stærstu ástæður** tiltölulega hárrar verðlagningar eru einfaldar og gamalkunnar – krónan og hið séríslenska efnahagsumhverfi. Íslenskir kaupmenn búa við hæsta vaxtastig sem þekkist á byggðu bóli, og gjaldmiðil sem sveiflast eins og gauksklukka jafnvel milli árstíða. Gáfuleg áætlanagerð er því nærri ómöguleg. Þess utan er starfsfólk dýrt á Íslandi, ekki einungis eru grunnlaun há heldur eru launatengd gjöld sennilega þau hæstu í heiminum. Það fer of stór hluti til ríkisins.

**Auðvitað** mun komast á jafnvægi á markaði eftir komu Costco. Fólk mun ekki gera sér ferð í vöruhús í öðru bæjarfélagi til langframa. Aðrar verslanir geta meðal annars boðið rýmri opnunartíma og betri staðsetningu. Hvað matvöruverslanirnar varðar geta þær einnig boðið innlendar vörur á jafngóðu eða betra verði en Costco.

**Costco verður** hins vegar á sínum stað og mun vegna vel. Þær tilfinningar sem bærast með fólki eru umhugsunarverðar. Gjaldmiðillinn er upphaf og endir alls, og ef fólk vantar farveg fyrir reiðina er eðlilegast að beina henni að þeim ráðamönnum sem hafa í þrjósku sinni gift okkur íslensku krónunni.


UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## Félag Örvars hagnast um 300 milljónir

Fjárfestingarfélag í eigu Örvars Kærnested, stjórnarformanns Tryggingamiðstöðvarinnar (TM), hagnaðist um 305 milljónir króna á árinu 2016, að því er fram kemur í nýjum ársreikningi Riverside Capital.

Meirihluti hagnaðarins kemur til vegna arðstekna upp á 160 milljónir en félagið er á meðal stærstu hluthafa TM með 2,63 prósenta hlut. Þá hagnaðist félagið um liðlega 80 milljónir vegna sölu hlutabréfa og virðisbreyting hlutabréfa var sömuleiðis jákvæð um 84 milljónir. Eignir Riverside Capital voru 716 milljónir í árslok 2016 og eigið fé um 441 milljón.

Örvar var í hópi fjárfesta sem keyptu fyrr á árinu rúmlega helmingshlut í Stoðum, áður FL Group, af Glitni og erlendum fjármálafyrirtækjum. Eina eign Stoða er evrópski drykkjarvöruframleiðandinn Refresco Gerber. **– hae**



Örvar Kærnested

1.6.2017

**Síðasta eitt og hálft ár hef ég verið gagnrýninn á það að almenningur hafi ekki fengið að njóta styrkingar krónunnar. Fyrirtæki hafa ekki verið nógu dugleg að skila henni til baka.**



Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi




# Ég hef bætt mig mikið á þessu ári

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar æfa nú af kappi fyrir æfingamót í Noregi sem fer fram 8. til 11. júní. Flesta sterkustu leikmenn liðsins vantar í þetta verkefni og því gullið tækifæri fyrir marga aðra að láta ljós sitt skína.

Janus Daði Smárason fékk stóra tækifærið á HM í janúar og hefur spilað reglulega síðan. Hann fór til Álaborgar eftir HM og varð danskur meistari með félaginu á dögunum. Janus sér ekki eftir því að hafa farið til Danmerkur.

> Þetta var líklega eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert. Ég er svo ungur. Ég hef ekki upplifað neitt.
>
> Janus Daði Smárason




**Janus Daði verður í stóru hlutverki hjá landsliðinu í næstu leikjum rétt eins og hjá Álaborg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Var tilbúinn í atvinnumennsku**
„Mér fannst ég vera tilbúinn og geta haldið áfram að bæta mig. Mér finnst ég hafa bætt mig mikið á þessu ári,“ segir Janus Daði en hann fékk mikið traust hjá þjálfara sínum í Álaborg, Aroni Kristjánssyni, og spilaði mikið.

„Það var æðislegt. Ég er að spila með og keppa á móti mönnum sem eru betri en ég hef verið að mæta áður og það hjálpar mér að taka skrefin fram á við. Það var gaman að taka þátt í þessu ævintýri. Þetta var líklega eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert. Ég er svo ungur. Ég hef ekki upplifað neitt.“

**Meistari á hverju ári**
Þetta er þriðja árið í röð sem Janus Daði verður landsmeistari en hann var meistari með Haukum tvö ár á undan. „Ég er heppinn að vera alltaf í svona góðum liðum,“ segir Janus kíminn en hann fær að spila í Meistaradeildinni næsta vetur og fær örugglega enn stærra hlutverk í liðinu.

Hann fór í stutt frí til Selfoss áður en hann mætti aftur í slaginn með landsliðinu.

„Það er gott að komast aftur í gang og klára svo sumarið á því að tryggja okkur inn á EM. Við erum staðráðnir í því. Þetta mót í Noregi verður skemmtilegt. Öll liðin sakna lykilmanna. Það verður gaman að fá meiri ábyrgð og svo gaman fyrir peyjana sem eiga skilið að fá tækifæri,“ segir Janus en í kjölfarið eru það síðustu tveir leikirnir í undankeppni EM og þar er mikið undir.

„Við förum í þá leiki til að vinna og ég held að við gerum það. Það er ekkert annað í boði.“ – **hbg**

## DORTMUND STAL STJÓRA AJAX

Peter Bosz verður næsti knattspyrnustjóri þýska liðsins Borussia Dortmund. Dortmund er þar með að taka þjálfarann af Ajax en Peter Bosz var með samning við hollenska liðið til ársins 2019. Bosz tekur við starfinu hjá Dortmund af Thomas Tuchel sem hætti óvænt með liðið eftir tveggja ára starf. Samningur Peters Bosz og Dortmund er til næstu tveggja tímabila eða fram á sumar 2019.

Bosz tók við Ajax-liðinu af Frank de Boer í byrjun síðasta tímabils.

Bosz er 54 ára gamall Hollendingur. Hann var lengi leikmaður Feyenoord. Hann var sem dæmi á miðjunni hjá Feyenoord þegar liðið tapaði 1-0 á móti ÍA á Laugardalsvellinum í september 1993.

## GEIR VALDI 28 MANNA HÓP



Geir Sveinsson, landsliðsþjálfari karla í handbolta, valdi í gær þá 28 leikmenn sem koma til greina fyrir leikina gegn Tékkum og Úkraínu í undankeppni Evrópumótsins en þetta eru síðustu leikir Íslands í riðlinum og fara fram seinna í júní.

Íslenska liðið mætir Tékkum ytra miðvikudaginn 14. júní klukkan 16.10 og spilar svo við Úkraínu hér heima sunnudaginn 18. júní klukkan 18.45.

Ísland þarf að vinna þá báða til þess að komast á Evrópumótið í Króatíu í byrjun næsta árs. Ekkert kom á óvart í vali Geirs en hópinn má sjá á Vísi.









✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

**Óskar Arnarsson**

Álagranda 22, Reykjavík,

lést af slysförum 31. maí sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 13. júní kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarsjóð sona hans, reiknnr. 111-05-26699, kt. 160868-4659.

**Ragnhildur Elín Garðarsdóttir**
**Garðar Ernir Óskarsson**
**Margrét Ingibjörg Hansen**
**Sigrún M. Arnarsdóttir** **Kristján Sturluson**
**Ingibjörg Anna Arnarsdóttir** **Bjarni Brynjólfsson**
**Guðmundur Arnarsson**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Þorsteinsdóttir**

Bogatúni 38, Hellu,

lést á Dvalarheimilinu Lundi 30. maí. Útför hennar fer fram frá Oddakirkju laugardaginn 10. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hennar er bent á Lund dvalarheimili eða líknarfélög.

**Óskar Haraldsson**
**Kolbrún Óskarsdóttir** **Óttar Guðlaugsson**
**Hugrún Óskarsdóttir**
**Sævar Óskarsson** **Margrét Bjarnadóttir**
**Áslaug Óskarsdóttir** **Ólafur Ásmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Arndís Árnadóttir**

Skógarseli 13, Reykjavík,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar laugardaginn 3. júní sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arnþór Sigurðsson**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Pétur Sigvaldason**

bóndi,
Klifshaga 2, Öxarfirði,

sem lést á Skógarbrekku á Húsavík 1. júní, verður jarðsunginn frá Skinnastaðarkirkju í Öxarfirði, laugardaginn 10. júní kl. 14.00.

**Unnur Sigurðardóttir**
**Aðalheiður Pétursdóttir** **Guðni Þórólfsson**
**Sigvaldi Pétursson**
**Stefán Pétursson** **Guðlaug Anna Ívarsdóttir**
**Ingimar Pétursson**
**og afabörn.**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Eggert Einarsson Bollason**

Böggvisbraut 13, Dalvík,

lést fimmtudaginn 25. maí. Útför hans fer fram fimmtudaginn 8. júní kl. 13.30 í Dalvíkurkirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjafasjóð Dalbæjar, reiknnr. 0177-15-200694, kt. 470498-3239.

**Bára Arthursdóttir**
**Bolli Kjartan Eggertsson**
**Arthur Már Eggertsson** **María Jónsdóttir**
**Brynjar Þór Eggertsson** **Izabela Patrycja Kulikowska**
**Davíð Örn Eggertsson** **Magdalena Yr Hólmfríðard.**
**og barnabörn.**




**Í bakaríinu gerðu krakkarnir kókoskúlur og vöfflur og fengu líka brauð gefins frá Reyni bakara.**

# Salaskóli breyttist í bæ

## Salur í Salaskóla varð að samfélagi með 16 fyrirtækjum og stofnunum sem 130 nemendur skólans stýrðu. Verkefnið Ég og bærinn minn var eitt þeirra sem hlutu Kópinn.

**Kópurinn, viðurkenningar menntaráðs Kópavogs fyrir framúrskarandi skólastarf í grunnskólum Kópavogs, var veittur nýlega við hátíðlega athöfn í Salnum.**

Alls bárust 20 tilnefningar til menntaráðs og voru veittar sex viðurkenningar fyrir verkefni sem þóttu fela í sér umbætur eða leiða til framfara í skólastarfi. Meðal þeirra var Ég og bærinn minn, þróunarverkefni sem kennararnir Þorvaldur Hermannsson og Hrafnhildur Georgsdóttir leiddu.

„Þetta var risaverkefni sem við höfum verið að vinna að í allan vetur,“ segir Hrafnhildur og segir hugmyndina að því hafa kviknað í Finnlandsferð sem nokkrir kennarar og skólastjóri Salaskóla fóru í. „Þar fengum við nasaþef af því sem við framkvæmdum,“ útskýrir hún.

„Við Þorvaldur tókum verkefnið að okkur og bjuggum til námsefni sem var kennt tvisvar í viku í fjórar vikur í 6. og 7. bekkjum, í þeim eru samtals 130 börn. Það var fræðsla um allt mögulegt sem þarf í einu samfélagi, um lýðræði, skatta, opinbera þjónustu og þar fram eftir götunum. Börnin fengu 30 blaðsíðna vinnuhefti sem þau unnu í með sínum bekkjarkennurum. Síðan bjuggum við til bæ í salnum okkar, settum upp bása með 16 fyrirtækjum og stofnunum, bakarí, læknastofur, fréttastofu, líkamsræktarstöð, hárgreiðslustofu, skóla, trésmíðaverkstæði, bílastöð, löggustöð, ljósmyndastúdíó, svo einhver séu nefnd. Til að hafa allt sem eðlilegast fengum við lánað og gefið ýmislegt hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum í Kópavogi.“

Hrafnhildur segir 33 störf hafa verið í boði og öll börnin hafi sótt um fimm störf. Hvert og eitt fékk að taka þátt í bænum einn dag. Þau fengu ítarlega starfslýsingar sem leiddi þau í gegnum daginn og öll fengu peninga til umráða enda þurftu þau að borga skatta og eiga fyrir hinu og þessu. Öll þurftu líka að kjósa um ákveðið málefni í bænum og þannig kynntust þau lýðræðinu. Við renndum þessu prógrammi í gegn á fjórum dögum og endurröðuðum öllu í lok hvers dags, þannig að tilbúið væri fyrir næsta hóp.“

**gun@frettabladid.is**

### Verkefnin sem hlutu viðurkenningu eru

- Samstarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands og skólahljómsveitar Kópavogs, sem Össur Geirsson stýrir.
- Ég og bærinn minn í Salaskóla, þróunarverkefni sem leitt var af Hrafnhildi Georgsdóttur og Þorvaldi Hermannssyni.
- Rafrænar ferilmöppur í list- og verkgreinum, Árni Jónsson, Eygló Jósephsdóttir, Ingibjörg Ólafía Ólafsdóttir og Helga Björg Barðadóttir í Álfhólsskóla.
- Teymiskennsla í 1.-5.bekk Lindaskóla: Nanna Hlín Skúladóttir, Elsa Sif Guðmundsdóttir, Kristgerður Garðarsdóttir, Paloma Ruiz Martinez og Sigrún Dóra Jónsdóttir, Lára Sif Jónsdóttir, Sigurrós Óskarsdóttir, Auðbjörg Njálsdóttir, Ásta Björk Agnarsdóttir, Ásdís Björk Jónsdóttir og Guðrún Friðbjörg Eyjólfsdóttir.
- Lestrarnámskeið í samstarfi nemenda, foreldra og sérkennara undir stjórn Kristínar Arnardóttur, sérkennara í Kópavogsskóla.
- Appmótun: Tæknilæsi – myndlæsi – menningarlæsi. Ingibjörg Hannesdóttir Smáraskóla.



Háskólakórinn þenur raddböndin á hátíðinni.

# Háskólakórinn úr víkingi með tvenn gullverðlaun

**Háskólakórinn tók á dögunum þátt í sínu fyrsta alþjóðlega kóramóti á erlendri grund. Í farteskinu á heimleið voru verðlaun sem kórinn söng sér inn. Formaðurinn segir gaman að sjá að kórinn sé ekki langt að baki atvinnumannakórum. Gæti breytt starfi kórsins.**

Háskólakórinn gerði á dögunum góða ferð á kóramót í Tékklandi en kórinn kom úr víkingi með tvær medalíur í farteskinu. Þetta er í fyrsta skipti sem kórinn fer á slíkt mót. Fráfarandi formaður segir meðlimi vera heita fyrir því að endurtaka leikinn síðar meir.

„Háskólakórinn fer árlega í vorferð og annað hvert ár reynum við að fara út fyrir landsteinana. Í stjórninni var stelpa sem hafði áður farið á þetta mót og stakk upp á því að við færum þangað,“ segir Guðmundur Alfreðsson, formaður kórsins.

Undirbúningur fyrir ferðina hófst í október á síðasta ári en förin var alls tíu dagar. Af um 60 meðlimum kórsins fóru 35 með út. Flogið var til Salzburg og þaðan var farið um Austurríki. Áfangastaðurinn var borgin Olomouc í austurhluta Tékklands en þar fer árlega fram alþjóðlegt kóramót.


Guðmundur Alfreðsson, formaður Háskólakórsins.

„Fyrstu dagana vorum við í alls kyns vinnustofum tengdum söng. Við hittum líka dómarana, förum yfir reglur keppninnar og tökum þátt í ýmsum viðburðum í tengslum við keppnina sjálfa,“ segir Guðmundur. Meðal annars söng kórinn á opnum tónleikum á torgi í bænum.

Keppnin sjálf fór fram síðasta laugardag. Þar tók kórinn þátt í tveimur undanriðlum, annars vegar fyrir blandaða kóra með frjálst efnisval og hins vegar í riðli þar sem skylda var að flytja eitt keppnisverk. Í hvorum riðli fyrir sig fékk kórinn tuttugu mínútur en af þeim var gert ráð fyrir fimm mínútum í klapp og upphafstóninn. Alls fengu meðlimir því að syngja þrettán lög.

„Fengum gullverðlaun í báðum flokkum en okkur tókst hins vegar ekki að komast áfram í það sem kallað er „ultimate champion“. Þeir kórar sem þangað komust eru flestir atvinnumannakórar með fólki sem er sprenglært í söng. En það munaði ekki miklu og í raun gífurlega gaman að sjá að Háskólakórinn stendur ekki fjarri þeim,“ segir Guðmundur.

Formannstíð Guðmundar lýkur brátt en hann segir að almennur áhugi sé fyrir því meðal meðlima að herja aftur á slíkt kóramót. Hvort hið sama verður fyrir valinu verður tíminn að leiða í ljós. Hann segir einnig gaman að mótið hafi gefið kórstjóranum, Gunnsteini Ólafssyni, ýmsar áhugaverðar hugmyndir um breytingar sem hægt sé að gera á kórnum.

„Þetta gaf honum örlítið aðra sýn á kórastarfið og hann er kominn með ýmsar nýjar hugmyndir er varða sviðsetningu,“ segir Guðmundur. „Háskólakórinn var auðvitað skemmtilegur fyrir en það verður áhugavert að sjá hvað þetta hefur í för með sér.“

**johannoli@frettabladid.is**




Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór V. Vilhjálmsson**
(Mansi)
matreiðslumaður,
Strikinu 8,

lést miðvikudaginn 31. maí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 9. júní kl. 13.00.

**Sigríður Þorsteinsdóttir**
**Einar Halldór Halldórsson**
**Hörður Halldórsson** **Hólmfríður Jónsdóttir**
**Valgerður Halldórsdóttir**
**Ágústa A. Grétarsdóttir** **Jón Benediktsson**
**Kristján Grétarsson** **Guðný Hansdóttir**
**Inga Hrönn Grétarsdóttir** **Ari Björnsson**
**barnabörn og langafabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Jósefínu Björnsdóttur**
frá Galtanesi,
Grenigrund 6.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund fyrir einstaka umönnun.

**Þórður Hannesson** **Valdís V. Randrup**
**Dýrunn Hannesdóttir** **Ársæll Daníelsson**
**Björn Hannesson** **Kristín Edda Sigfúsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rut Sigurðardóttir**
Hrafnistu, Reykjavík,
áður Árskógum 8,

sem andaðist fimmtudaginn 1. júní, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 9. júní kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð blóðlækningadeildar Landspítalans.

**Birna Ágústsdóttir** **Júlíus Sigmundsson**
**Guðlaugur Ágústsson** **Sigríður Ósk Pálmadóttir**
**Ævar Ágústsson** **Ragnheiður Júníusdóttir**
**Ína Björg Ágústsdóttir** **Haraldur Hansson**
**Magnús Ágústsson** **Reynee Rose Agustsson**
**Berglind Ágústsdóttir** **Hjálmar Hjálmarsson**
**Linda Sjöfn Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir og stjúpmóðir,

**Ásta Lilja Kristjánsdóttir**
frá Siglufirði,
til heimilis að Vesturgötu 7,

andaðist á lungnadeild Landspítalans 2. júní. Jarðarförin verður gerð frá Hallgrímskirkju mánudaginn 12. júní kl. 15.

**Sigurður Jón Ólafsson**
**Melkorka Sigurðardóttir** **Steinar Logi Sigurðsson**
**Rósa Huld Sigurðardóttir** **Klara Dögg Sigurðardóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Anna Karólína Gústafsdóttir**
Hrafnistu Reykjanesbæ,
áður Aðalgötu 5, Keflavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar að Hrafnistu 22. maí. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Jóhanna Gústafsdóttir**
**Lilja, Ragnheiður, Logi og Olga Guðmundarbörn**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlaug Eðvaldsdóttir**
frá Kálfshamarsvík,
Engihjalla 25,

lést á Landspítalanum 31. maí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kolbrún Sigurðardóttir** **Rósmundur Jónsson**
**Margrét Sigurðardóttir** **Guðsteinn Eyjólfsson**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**Erna Sigurðardóttir** **Ómar Kjærnested**
**Guðný Sigurðardóttir**
**barna- og barnabarnabörn.**



Okkar elskulega eiginkona og vinur, móðir, tengdamóðir, amma og dóttir,

**Kristbjörg Dagrún Þorbjarnardóttir**
Hraunhvammi 2,
Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þann 1. júní síðastliðinn í faðmi fjölskyldu sinnar. Hún verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju föstudaginn 9. júní klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Karitas og Krabbameinsfélagið.

**Sigurður Elvar Sigurðsson**
**Anna Lilja Sigurðardóttir** **Sæmundur H. Gíslason**
**Kristín Elva Sigurðardóttir** **Pétur Valur Pétursson**
**Esther Ósk Sigurðardóttir** **Jón Símon Ottósson**
**barnabörn**
**Dagrún Kristjánsdóttir**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðfinnur Georg Pálmason**
(Gussi)
Vesturbergi 68,

lést þann 30. maí. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 14. júní kl. 13.

**Jóhanna S. Emilsdóttir**
**Trausti Guðfinnsson** **Ingibjörg Rafnsdóttir**
**Pálmi Guðfinnsson** **Þórhildur Björgvinsdóttir**
**Emil Freyr Freysson** **Soffía H. Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



**Þórunn Ingólfsdóttir Flygenring**
Garðstíg 5, Hafnarfirði,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 26. maí sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólk Grundar fær alúðarþakkir fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Kristín Magnúsdóttir** **Sigurður Helgason**
**Ásta Magnúsdóttir** **Oddur Borgar Björnsson**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðan- og norðvestanátt í dag, víða 5-13. Rigning með köflum norðan til og slydda til fjalla, en lengst af þurrt og bjart veður syðra, þó líkur á síðdegisskúrum. Hiti 1 til 12 stig, mildast um landið sunnanvert.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° ↓7 | 1° ↓8 | 3° ↓5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° ↘7 | 8° ↖3 | -1° ↓5 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° ↓7 | 6° ↘9 | 5° ↗7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° →3 | 6° ←6 | 2° ↓3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 4 | 2 | 6 | 9 | |
| | | | | | | | | 7 |
| 3 | | 7 | 5 | 9 | | 2 | | 4 |
| 1 | | 8 | 9 | | 7 | 3 | 5 | |
| | | 6 | 3 | | | | | |
| 7 | | 9 | 1 | | | | | 8 |
| | 9 | | | | 8 | 7 | | |
| 6 | | 5 | | 3 | | | | |
| 8 | | 3 | 4 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | 9 | | 1 | | |
| 9 | | 5 | | 8 | | | | |
| | 7 | | 6 | 5 | | 4 | | |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 5 | | 4 |
| | | 2 | | 3 | | 9 | 6 | |
| | 1 | 9 | | | | | | 2 |
| | | | | | 6 | | 4 | |
| | 2 | | | | | | 9 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 9 | 1 | | 4 | 3 |
| | | 7 | 3 | | | | 2 | |
| | 3 | | | | 6 | | 9 | |
| | | 2 | | 8 | | 5 | | |
| | 5 | | | | | | | |
| | | | 9 | 1 | | | | 6 |
| 5 | | 3 | | | | | 7 | |
| | | | | | 9 | | 6 | 8 |
| 8 | | | | | 7 | 4 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 3 | 2 | 5 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 3 | 2 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 4 | 3 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 3 | 8 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 8 | 6 | 7 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. karlmaður
6. tveir eins
8. Ásamt
9. bók
11. í röð
12. hangsa
14. táknmynd
16. tveir eins
17. sönghópur
18. umfram
20. kusk
21. litlaus

**LÓÐRÉTT**
1. erindi
3. kringum
4. tréspíritus
5. svelg
7. endalaus
10. auð
13. kusk
15. togaði
16. iðn
19. bókstafur



**LÁRÉTT:** 2. gumi, 6. ee, 8. með, 9. rit, 11. tu, 12. slóra, 14. ímynd, 16. ff, 17. kór, 18. auk, 20. ló, 21. grár. **LÓÐRÉTT:** 1. vers, 3. um, 4. metanól, 5. iðu, 7. eilífur, 10. tóm, 13. ryk, 15. dróg, 16. fag, 19. ká.

## Skák Gunnar Björnsson

Dobsa átti leik gegn Pantleoni árið 1989.
**Svartur á leik**
**1...Ba4+! 2. Kxa4 Rc5+ 3. Ka5 Hb5# 0-1**. Ingvar Þór Jóhannesson sigraði á minningarmóti Sveinbjörns Óskars Sigurðssonar sem fram fór á Akureyri síðustu helgi. Tómas Veigar Sigurðarson og Ólafur Kristjánsson urðu í 2.-3. sæti.
**www.skak.is:** Ofurmót í Noregi.








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| THE MUMMY VIP | KL. 8 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| WONDER WOMAN 2D VIP | KL. 10:20 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 3D | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| PIRATES 2D VIP | KL. 5:15 |
| KING ARTHUR 2D | KL. 10:45 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:15 - 8 |

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 5 - 7:50 - 10:40 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 2D | KL. 5 - 7:50 - 10:30 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 8 |
| WONDER WOMAN 3D | KL. 10:20 |
| BAYWATCH | KL. 8 |
| PIRATES 2D | KL. 10:30 |

| KRINGLUNNI (NÚMERUÐ SÆTI) | |
|---|---|
| WONDER WOMAN 3D | KL. 4:20 - 7:20 - 10:15 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 2D | KL. 4:30 - 7:15 - 10 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| WONDER WOMAN 3D | KL. 8 - 10:55 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 |
| PIRATES 3D | KL. 5:15 |
| PIRATES 2D | KL. 10:30 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. JÚNÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** KrBear
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
KrBear heldur uppi bilaðri stemmingu á Prikinu eins og venjulega. Miðvikudagur er oft svakalega erfiður dagur og því bara prýðishugmynd að halda upp á að hann sé að kvöldi kominn á Prikinu.

**Hvað?** Don Lockwood Band
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Slippbarinn, Mýrargötu
Húsband Slippbarsins er á sínum stað og dúndrar út dúnmjúkum djassi handa öllum sem eru að hella í sig nokkrum kokteilum.

**Hvað?** Live Jazz Jam
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Það verður lifandi djassdjamm á Græna herberginu í kvöld og um að gera að kíkja á það fyrir þá sem hafa áhuga á slíku.

### Viðburðir

**Hvað?** List Officinalis
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Nesstofa, Seltjarnarnesi
Áður ósýnt verk listmálarans Eggerts Péturssonar, sem er í einkaeigu, er meðal verka á nýrri samsýningu sjö samtímalistamanna, sem opnuð verður í Nesstofu á Seltjarnarnesi miðvikudaginn 7. júní kl. 17. Verk Eggerts, Áttundi dagur (2014) er byggt á Sjöunda degi í Paradís (1920) eftir Mugg sem Íslendingar þekkja vel. Yfirskrift sýningarinnar, List Officinalis vísar til plöntuheita og flokkunarkerfis Carolus Linnaeus þar sem officinalis er seinna nafn margra opinberra lækningajurta en verkin eiga það sameiginlegt að tengjast jurtum á einn eða annan hátt. Með verkunum á sýningunni er leitast við að varpa ljósi á sögu þessa merka húss, lækninga, lyf og Urtagarðinn á lifandi og skemmtilegan hátt.

**Hvað?** HIMA
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Harpa



**Umhverfismatsdagurinn og ljóðskáld í ham er meðal þess sem á sér stað í Norræna húsinu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Áður ósýnt verk listmálarans Eggerts Péturssonar er meðal verka á nýrri samsýningu sem opnuð verður í Nesstofu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alþjóðlega tónlistarakademían í Hörpu á 5 ára afmæli í ár og heldur sitt árlega námskeið fyrir klassíska hljóðfæranemendur dagana 1. - 17. júní. Rúmlega 100 nemendur frá tíu löndum munu njóta handleiðslu innlendra og erlendra tónlistarkennara í fremstu röð. Nemendur fá einkatíma, þjálfun í kammertónlist og hljómsveit.

**Hvað?** Umhverfismatsdagurinn 2017
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Norræna húsið
Dagskrá Umhverfismatsdagsins er að þessu sinni helguð nýjum áskorunum og aðferðum á sviði umhverfismats. Í fyrri hluta málþingsins verður fjallað um ýmsar nýjar áskoranir sem tengjast mati á umhverfisáhrifum, svo sem út frá nýlegum dómum og úrskurðum, alþjóðlegum markmiðum í loftslagsmálum, nýrri vistgerðarflokkun íslenskrar náttúru og lagaumgjörð mats á umhverfisáhrifum. Í seinni hluta málþingsins munu síðan sérfræðingar sem koma að umhverfismati úr ólíkum áttum deila hugleiðingum um hvernig nýjar áskoranir og aðferðir birtast í þeirra störfum tengt náttúruvernd, samráði, línulögnum, vegagerð og fleira.

**Hvað?** Heim úr öllum áttum
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Norræna húsið
Íslandsheimsókn frá Rithöfundamiðstöðinni – Författarcentrum Väst – í Gautaborg: Ljóðskáldin Anna Mattsson, Axin Welat, Kristín Bjarnadóttir og Louise Halvardsson, allar félagar í skáldahópnum PoPP. Þemað er heim og heimkynni, út frá því að búa fjarri heimahögum í lengri tíma, þannig að „heima“ kann að vera í Kambódíu eða Sýrlandi ef ekki Svíþjóð.

**Hvað?** Meistarafyrirlestur: Gagnavinnsla á raðgreiningar- og örflögugögnum fyrir talningu kynlitninga
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Askja, Háskóli Íslands
Svanhvít Sigurjónsdóttir mun flytja fyrirlestur um verkefni sitt til meistaraprófs í lífupplýsingafræði: Gagnavinnsla á raðgreiningar- og örflögugögnum fyrir talningu kynlitninga.

**Hvað?** Verkin tala - Meistaranemar í verkfræði kynna lokaverkefni sín
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Meistaranemar í verkfræði við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík kynna lokaverkefni sín í veggspjöldum í Sólinni í HR. Léttar veitingar í boði.


Góða skemmun í bíó!




macron
Macron.is | Macron Store Reykjavík | Grensásvegi 16

maria nila
STOCKHOLM



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari
Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlosi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgueyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku.
Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlföt, paraben né aðra ofnæmisvalda.




Regalofagmenn Regalo ehf Iceland
www.regalo.is
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Knight Of Cups | 17:30 |
| Hidden Figures | 17:30 |
| Heima | 18:00 |
| Everybody Wants Some!! | 20:00 |
| Paterson | 20:00 |
| Hross í Oss | 20:00 |
| Lion | 22:30 |
| The Shack | 22:30 |
| Hjartasteinn | 22:00 |



# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur





KL. 19:05 alla virka daga
Fjölbreyttur frétta- og mannlífsþáttur í léttum dúr þar sem þrautreyndir dagskrárgerðarmenn Stöðvar 2 fjalla um allt milli himins og jarðar á léttu nótunum.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



MARY KILLS PEOPLE
Áhrifamiklir og óvenjulegir þættir um Mary Harris sem er læknir á bráðadeild á daginn en um nætur vendir hún kvæði sínu í kross og hjálpar dauðvona fólki að yfirgefa þennan heim á þeirra forsendum.

BONES
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum.



QUEEN SUGAR
Magnaðir þættir um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Louisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess og ekki er allt sem sýnist.




REAL TIME WITH BILL MAHER
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.




SEX AND THE CITY
Geysivinsæl bíómynd, byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum, um Carrie Bradshaw og skemmtilegu vinkonurnar hennar í New York.



Krakkar
LÍNA LANGSOKKUR Á FERÐ OG FLUGI
Hress og skemmtileg teiknimynd um sterkustu stelpu í heimi, Línu Langsokk, og vini hennar Önnu og Tomma.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.05** Um land allt
**11.35** Léttir sprettir
**12.00** Matargleði Evu
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spilakvöld
**13.50** The Night Shift
**14.45** Major Crimes
**15.30** Schitt's Creek
**15.55** Divorce
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mom
**19.45** The Middle
**20.10** Mary Kills People
**20.55** Bones
**21.40** Queen Sugar Magnaðir þættir sem byggðir eru á metsölubók og framleiddir af Opruh Winfrey. Þættirnir fjalla um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Luisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess þegar í ljós kemur að þeim er ekki vel tekið af öllum þeim sem koma að fyrirtækinu. Óuppgerð mál líta dagsins ljós og systkinin þurfa að taka á honum stóra sínum við að koma rekstri fyrirtækisins í réttan farveg og lífi þeirra aftur í eðlilegt horf.
**22.25** Real Time With Bill Maher
**23.25** Prison Break
**00.10** The Blacklist
**00.55** Animal Kingdom Mögnuð glæpasería sem fjallar um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar lendir hann í vægast sagt vafasömum málum þar sem fjölskyldan er ekki öll þar sem hún er séð.
**01.45** Brestir
**02.15** NCIS. New Orleans
**03.00** Nashville
**03.40** Nashville
**04.25** Covert Affairs
**05.10** Ellen
**05.50** The Middle
**06.10** Mindy Project

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Pepsí deild karla 2017
**08.45** Pepsímörkin 2017
**10.15** Manchester United - Crystal Palace
**12.00** Goals of the Season
**12.55** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2016/2017
**13.20** Formúla 1 2017 - Keppni
**15.35** Inkasso deildin 2017
**17.15** Pepsí deild karla 2017
**19.00** Goðsagnir efstu deildar
**19.30** Pepsí deild karla 2017
**21.20** Pepsímörkin 2017
**22.50** NBA 2016/2017 - Final Game
**01.00** NBA 2016/2017 - Final Game

### STÖÐ 3

**17.30** New Girl
**17.55** 2 Broke Girls
**18.15** Mindy Project
**18.40** Modern Family
**19.05** Fóstbræður
**19.35** Hlemmavídeó
**21.00** Gulli byggir
**21.25** Man Seeking Woman
**21.50** Supernatural
**22.35** Vinyl
**23.30** Veep
**00.00** Gotham
**00.45** Supergirl
**01.25** Arrow
**02.10** Fóstbræður
**02.35** Hlemmavídeó
**04.00** Gulli byggir
**04.25** Man Seeking Woman
**04.45** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Ljóti andarunginn og ég
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Ljóti andarunginn og ég
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby g
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Ljóti andarunginn og ég
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Lína langsokkur á ferð og flugi



Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Memorial Tournament
**13.30** Golfing World 2017
**14.20** The Memorial Tournament
**20.45** Golfing World 2017
**21.35** ShopRite LPGA Classic
**00.30** Golfing World 2017

### BÍÓSTÖÐIN

**11.10** Seven Years in Tibet
**13.25** The Little Rascals Save The Day
**15.00** Ivory Tower
**16.30** Seven Years in Tibet Frábær mynd frá árinu 1997 með Brad Pitt í aðalhlutverki. Á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar leggur Austurríkismaðurinn Heinrich Harrer upp í ferð um Himalajafjöllin ásamt vini sínum og leiðsögumanni. Félagarnir lenda í ótrúlegum hrakningum og koma að lokum til hinnar dularfullu borgar Lasa í Tíbet. Heinrich gerist trúnaðarvinur andlegs leiðtoga Tíbeta, Dalai Lama, og eiga kynni hans af leiðtoganum eftir að breyta lífssýn Heinrichs um alla framtíð.
**18.45** The Little Rascals Save The Day
**20.25** Ivory Tower
**22.00** Sex and the City
**00.25** John Wick
**02.10** Phone Booth
**03.35** Sex and the City

### RÚV

**17.20** Úr gullkistu RÚV. Út og suður
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Nýi skóli keisarans
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.45** Vísindahorn Ævars III
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Golfið
**20.05** Bretar kjósa
**20.35** Áfram, konur!
**21.10** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Barátta Bannons
**23.15** Skömm
**23.30** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Chasing Life
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Black-ish
**14.25** Jane the Virgin
**15.10** Man With a Plan
**15.35** Ný sýn - Sigfús Sigurðsson
**16.10** Speechless
**16.35** King of Queens
**17.00** The Millers
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Difficult People
**20.15** Remedy
**21.00** Imposters
**21.45** Quantico
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden
**00.20** Brotherhood
**01.05** Chicago Med
**01.50** The Catch
**02.35** Scandal
**03.20** Better Things
**03.50** Imposters
**04.35** Quantico
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll
**05.50** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

HB HÚSGAGNA BANKINN

# Lagersala

Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga

## Glæsileg harðviðar húsgögn í miklu úrvali



98.000
Sjónvarpsskápur
135 x 45 sm - h. 55 sm

59.000
Hliðarborð
90 x 40 sm - h. 86 sm

34.000
Hyper Wide stóll
50 x 45 sm - h. 98 sm

39.000
Chippendale stóll
55 x 45 sm - h 105 sm

137.000
Vanessa skenkur
175 x 50 sm - h. 92 sm

147.000
Chippendale skenkur
180 x 64 sm - h. 100 sm



285.000
Chippendale skápur
180 x 55 sm - h. 225 sm

159.000
Glerskápur
120 x 45 sm - h. 195 sm

104.000
Glerskápur
70 x 40 sm - h. 190 sm

94.000
Hornskápur
76 x 55 sm - h. 190 sm

104.000
Hornskápur
100 x 55 sm - h. 190 sm

238.000
Vanessa skápur
175 x 50 sm - h. 220 sm



175.000
Rafknúinn hægindasófi
Klæddur í sterkt áklæði

34.000
Blaðgrindarborð
58 x 40 sm - h. 65 sm

49.000
Teborð með bakka
75 x 50 sm - h. 75 sm

48.000
Viktorian innskotsborð
60 x 45 sm - h. 60 sm

279.000
Rafknúinn hægindasófi
Alklæddur í ekta leður



169.000
Rafknúinn hægindastóll
Alklæddur í ekta leður

149.000
Rafknúinn hægindastóll
Alklæddur í ekta leður

89.000
Rafknúinn hægindastóll
Klæddur í sterkt áklæði

89.000
Hægindastóll
Snúningur og rugga
Alklæddur í ekta leður

59.000
Hægindastóll
Klæddur í sterkt áklæði

59.000
Hægindastóll
Snúningur og rugga
Klæddur í sterkt áklæði

ILIFE A4S
Ryksuguvélmenni
34.000
Fjarstýring - Hleðslustöð




**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**

DORMA KYNNIR
SIMBA®
DORMA
Láttu drauminn rætast
EINA ÞRÓUÐUSTU HEILSUDÝNU HEIMS




Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |




**Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á**
**www.simbasleep.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast

vissir þú að...
börn eiga rétt á næðum svefni
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Forsætisráðherrann sem elskar skó

Forsætisráðherra Bretlands, Theresa May, er umdeildur leiðtogi en tískumógúlar hvaðanæva eru sammála um smekkvísi hennar á skóm.



Fjölmiðlar ytra hafa ítrekað fjallað um skósafn forsætisráðherrans, en May skartar gjarnan nýju pari þegar mikið liggur við. Sérfræðingar ytra hafa gert því skóna að hún sendi stundum skilaboð með skópörunum. Sem dæmi má nefna par með stáltá þegar hún flytur innblásnar ræður, svart par þegar hún vottar samúð sína, líkt og raunin var eftir hryðjuverkaárásina í London um helgina og hefðbundnum, látlausum – jafnvel íhaldssömum – skóm á fundum Íhaldsflokksins. Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri tískutímaritsins Glamour, ræddi stíl, og aðallega skópör, forsætisráðherrans, nú þegar styttist í kosningar í Bretlandi.



„Silfurlitaði hællinn setur skemmtilegan svip á þessa skó.“

# Philadelphia stór á hvíta tjaldinu

Íslendingar bóka nú ferðir til Philadelphiu í stórum stíl, þar sem nú er beint flug til borgarinnar. Vert er að rifja upp fyrir hvað borgin er þekktust svo ferðalangar geti heimsótt þekkta staði úr kvikmyndasögunni. Philadelphia hefur nefnilega verið sögusviðið í ótal kvikmyndum í gegnum tíðina og mörg þekkt atriði úr kvikmyndasögunni hafa verið tekin upp í borginni. Kvikmyndaáhugafólk ætti því að hafa nóg að skoða.

- Helst ber að nefna **Rocky-myndirnar**. Allir og amma þeirra ættu t.d. að kannast við atriðið þegar Rocky hleypur í Converse skónum sínum upp tröppurnar fyrir framan listasafn Philadelphiu og baðar út höndunum, kófsveittur og vel girtur.
- Að sjálfsögðu var kvikmyndin **Philadelphia** með þeim Tom Hanks og Denzel Washington tekin upp víða í borginni, meðal annars í ráðhúsinu.
- Myndin **Unbreakable** með Bruce Willis var tekin upp að miklu leyti í Philadelphiu. Og það er gaman að segja frá því að í einu atriðinu sitja karakterar þeirra Bruce Willis og Robin Wright og sötra kokteil fyrir framan stæðarinnar mósaík-listaverk inni á veitingastað. En í raun og veru er þetta ekki veitingastaður heldur anddyrið í höfuðstöðvum útgáfufyrirtækisins Curtis Publishing.
- Eitt eftirminnilegasta atriðið úr kvikmyndinni **Witness** með Harrison Ford er tekið upp í lestarstöð Philadelphiu, þegar ungur drengur verður vitni að morði.
- Philadelphia spilar stórt hlutverk í myndinni **The Sixth Sense**. Þar kemur Fairmount-hverfið til að mynda við sögu en það er þekkt fyrir mikilfenglegan arkitektúr og skemmtilegt andrúmsloft.
- Dæmi um fleiri kvikmyndir sem teknar voru upp að öllu eða einhverju leyti í Philadelphiu eru **Twelve Monkeys** og **Trading Places** og einnig **Limitless** og **Silver Lining Playbook** með Philadelphiu-manninum Bradley Cooper í aðalhlutverki.



**Haley Joel Osment og Bruce Willis röltu saman um götur Philadelphiu í myndinni The Sixth Sense.** NORDICPHOTOS/GETTY

**PHILADELPHIA HEFUR VERIÐ SÖGUSVIÐIÐ Í ÓTAL KVIKMYNDUM Í GEGNUM TÍÐINA.**






**Sylvester Stallone lék Rocky Balboa og Bradley Cooper lék í Silver Lining Playbook.** NORDICPHOTOS/GETTY



„Theresa May er yfirleitt frekar látlaus í klæðaburði, einföld snið og litir, en leyfir skónum að stela senunni.“



**„Hlébarða-mynstur er í miklu uppá-haldi hjá May.“**



„Kvenlegir rauðir lakkskór með mjórri tá.“



„Dökkbláir og takið eftir demöntunum á hælunum.“



„Klassískar mokkasínur þar sem stáltáin setur punktinn yfir i-ið.“



„Þessir skór eru ansi áberandi og passa best við einlitan klæðnað.“





**Lífrænar, umhverfisvænar og án allra eiturefna!**

**Frábær ný sólarlína sem inniheldur ekki** PEG, SLS, Paraben, paraffin, silicone né steinolíu. Eco Cosmetics vörurnar eru einnig algerlega lausar við litarefni, rotvarnarefni og ilmefni. **Vörulínan samanstendur af** sólarvörn fyrir líkama og andlit, sólarvörn fyrir börn, after-sun og brúnkukremi fyrir þá sem vilja byrja að undirbúa sig.

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS
















Örn Tönsberg, Linnea Hellström og Krummi Björgvinsson hyggjast stofna vegan dænerinn Veganæs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Verða ekki með neinn heilsumat

Þau **Linnea Hellström**, Krummi Björgvinsson og Örn Tönsberg ætla að opna vegan dænerinn Veganæs á næstunni. Í gangi er hópfjármögnun fyrir verkefninu á Karolina Fund en hópurinn vill knýja fram samfélagsbreytingar og fá fólk með sér í lið í verkefninu.

Linnea Hellström er yfirkokkur Veganæs. Hún er frá Svíþjóð þar sem hún byrjaði að vinna sem kokkur en flutti svo til Spánar og síðar Bandaríkjanna þar sem hún lærði hjá nokkrum vegan kokkum. Í lok ársins 2012 flutti hún til Íslands og hefur verið mjög iðin við að dreifa boðskap veganisma hér á landi auk þess að hafa eldað, búið til matseðla og haldið námskeið fyrir staði eins og Bast, Kaffi Vínyl, Gló, Kaffihús Vesturbæjar – hún rak líka matarvagn sem breyttist í staðinn Taqueria. Einnig bjó hún til tvær bragðtegundir af sojavörunni Oumph! en það er eins konar vegan „kjöt“ – önnur bragðtegundin innblásin af saltkjöti.

„Ég hef alltaf haft áhuga á því að opna vegan veitingastað hér á landi og nú loksins er það að gerast. Ástæðan er sú að rétta fólkið kemur nú saman á réttum tíma – árið 2012 hefði tímasetningin ekki verið jafn góð og hún er núna enda hefur ýmislegt breyst bæði á Íslandi og annars staðar síðan þá,“ segir Linnea en hún vinnur ásamt Krumma Björgvinssyni, kærasta sínum, og Erni Tönsberg að verkefninu.

„Í stað þess að opna og reka fyrirtæki vildi ég frekar vinna með fólki með svipaðar hugmyndir og ég og stuðla að samfélagsbreytingum. Ég vildi ekki bara reka fyrirtæki sem einungis selur vörur. Ég og Krummi höfum unnið saman að alls kyns hlutum auk þess sem hann hefur verið í því ferli að færa sig yfir í að vera vegan og Örn sömuleiðis, þannig að við eiginlega uxum saman í þetta verkefni – það var lógíska skrefið fyrir okkur að vinna saman því við viljum öll dreifa boðskapnum og erum með sama hugarfarið. Við gerum mismunandi list og allt það – en vinnum saman að því að búa til meira næs.“

**OKKUR FINNST VEGAN HEILSUFÆÐI VERA GERÐ GÓÐ SKIL NÚ ÞEGAR Á ÍSLANDI EN ÞAÐ SEM ER ERFIÐARA AÐ FÁ ER DJÚSÍ ÞÆGINDAMATUR, ÞYNNKUMATUR OG ANNAÐ Í ÞEIM DÚR. VIÐ VILJUM BÚA TIL FLEIRI MÖGULEIKA FYRIR FÓLK SEM VILL BORÐA ÚTI.**

*Hver er ástæðan fyrir því að þið kjósið að byggja staðinn inni á Gauknum?* „Ástæðan fyrir því að við kusum að byggja veitingastaðinn inni á öðrum stað, stað inni á stað, er sú að búa til „win-win“ aðstæður. Eigendur Gauksins eru líka vegan og þau falla inn í hugsunarháttinn okkar og passa vel við okkur. Einnig viljum við endilega tengja saman matinn og tónlist – Gaukurinn gerir okkur það auðvelt fyrir.“

*Þið segist ekki ætla að vera með heilsufæði, hvers vegna?* Það er mikilvægur punktur fyrir okkur. Okkur finnst vegan heilsufæði vera gerð góð skil nú þegar á Íslandi en það sem er erfiðara að fá er djúsí þægindamatur, þynnkumatur og annað í þeim dúr. Við viljum búa til fleiri möguleika fyrir fólk sem vill borða úti. Við viljum búa til „sveittan“ mat sem fólk sem er ekki endilega vegan vill líka fá sér – hafa matinn aðgengilegan fyrir hvern þann sem vill einfaldlega fá sér góðan bita.“

*Hvers vegna kjósið þið að hópfjármagna staðinn?* „Það er ekki ekki einungis af því að við erum fátæk,“ segir Linnea hlæjandi, „jú, auðvitað líka út af því að við eigum ekki næga peninga til að borga fyrir heila klabbið sjálf. Við gætum líklega gert þetta á lengri tíma og fengið fjárfesta með okkur. En við vildum fá fólk með okkur og það er þar sem heimspeki okkar um samfélagslegar breytingar kemur inn. Við vildum sjá hverjir vilja styðja við bakið á okkur og opna hugmyndina fyrir hverjum þeim sem hefur áhuga á henni. Við viljum fá fólk til að tala um verkefnið, fá fylgjendur og vekja athygli.“

Verkefnið má styðja á karolinafund.com en það eru tæpir 40 dagar til stefnu. Einnig má finna Veganæs á Facebook.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*






**BLÁSA** DÖMU JAKKI ~~29.990 KR~~ 13.990 KR



**BLEYTA** DÖMU JAKKI ~~29.990 KR~~ 14.990 KR



**FREISTA** DÖMU PEYSA ~~16.990 KR~~ 3.398 KR



**GEISLI** HERRA POLO ~~12.990 KR~~ 8.993 KR



**BLÁSA** HERRA JAKKI ~~29.990 KR~~ 13.990 KR



**BLEYTA** HERRA JAKKI ~~29.990 KR~~ 14.990 KR



**FREISTA** HERRA PEYSA ~~16.990 KR~~ 3.398 KR



**STORMUR** HERRA JAKKI ~~24.990 KR~~ 9.990 KR



**RÖKKVA** DÖMU BUXUR ~~15.990 KR~~ 11.993 KR



**GANGA** DÖMU BUXUR ~~19.990 KR~~ 7.990 KR



**RÖKKVA** HERRA BUXUR ~~15.990 KR~~ 11.993 KR



**GANGA** HERRA BUXUR ~~19.990 KR~~ 7.990 KR

**Golf- og útivistardagar ZO•ON** standa aðeins yfir dagana **7.-12.júní** og mun vöruverð lækka á meðan þeim stendur. Urmull af góðum tilboðum og auka afsláttur við kassa af fjölda vara.

**OPNUNARTÍMI**

| VIRKIR DAGAR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|
| 12:00 - 18:00 | 11:00 - 17:00 | 13:00 - 17:00 |

ZO•ON ICELAND

**STAÐSETNING**
FACTORY STORE,
NÝBÝLAVEGUR 6

**SÍMI**
557 1050

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kristínar Ólafsdóttur




## Í faðmi dragdrottninga

Ég er búin að finna mér nýtt athvarf. Í þessu athvarfi er allt kunnuglegt og gott og dreifir huganum. Ég leita þar skjóls ef mér finnst lífið yfirþyrmandi. Þetta athvarf, þetta afdrep höfuðs sem íþyngir mér stundum, er um þessar mundir í semelíusteinaskreyttum faðmi dragdrottninga.

Athvarfið mitt heitir Rupaul's Drag Race og er bandarískur raunveruleikaþáttur um fólk af alls konar kynjum sem túlkar konuna á óteljandi vegu. Þær eru dragdrottningar og þær eru að keppa í list og America's Next Top Model verður að engu í samanburði. Hvað eftir annað hafa Rupaul, hinn sögufrægi skapari konseptsins, og stúlkurnar hans veitt mér ómetanlega sáluhjálp eftir erfiða vinnudaga. Þær hafa ítrekað verið vin í eyðimörk óbærilegra leiðinda vegna þess að fyrst og fremst er þátturinn tandurhrein og hvítþvegin skemmtun.

Hjá Rupaul er hægt að víkka sjóndeildarhringinn og læra um bandaríska hinseginmenningu, grunnstoð alls poppkúltúrs. Þar er hægt að tileinka sér förðunartöfrabrögð, átta sig á því að kyn er samfélagslegt kerfi sem er þröngvað upp á okkur og finna svo óvænta væntumþykju spretta í brjóstinu í garð orðljótrar og guðdómlegrar veru sem heitir í höfuðið á annars vegar ístertu og hins vegar kynlífsathöfn.

Þáttaraðirnar níu af Rupaul's Drag Race eru auðvitað aðallega skemmtiefni en þær eru líka hluti af vegferð samfélags í átt að sáttum. Þær kynna okkur fyrir fólki sem við fáum sjaldan að sjá í manneskjulegu samhengi. Þær eru athvarf fyrir mig þegar mér leiðist á sunnudögum – og öllu mikilvægara athvarf fyrir menningarkima sem hefur verið haldið utangarðs en er, guði sé lof, alltaf að verða sýnilegri.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

COLOR RUN:
Tjullpils, blómakransar ofl.
Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534






*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS